

SKATTUR Á MENN

Einstaklings-skattaréttur

Frádráttur frá tekjum í
atvinnurekstri

Rekstrarkostnaðarhugtakið

Ásmundur G. Vilhjálmsson

Glærupakki 7

Vægi 7 til 8 - 9

Tekjur í atvinnurekstri? um þær er fjallað í

- Sjá B-lið 7. gr. TSL er hljóðar svo:
 - **Allar tekjur** af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi, **þar með talið endurgjald fyrir selda vöru og þjónustu**, umboðslaun, þóknanir, atvinnurekstrarstyrkir, rekstrarstöðvunarbætur og **hvers konar tekjur sem upp eru taldar í öðrum staflíðum (A- og C-lið 7. gr.) þessarar greinar** og **tengdar** eru atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi

HVERS KONAR TEKJUR

1. Reglulegar tekjur af sölu á vöru og þjónustu
 - Þetta eru hinar eiginlegu atvinnurekstrartekjur
2. Hliðar tekjur eða afleiddar tekjur svo sem vextir, afföll og gengishagnaður svo og arður
 - Fjármagnstekjur og -gjöld
3. Einstaklega tilfallandi tekjur eða hagnaður af sölu eigna
 - Óreglulegar tekjur

Athugið

árekstur skapar vanda

- Grundvallarmunur er á uppgjöri reglulegra tekna og einstaklega tilfallandi tekna eins og hagnaðar
- Þannig eru reglulegar tekjur gerðar upp sem brúttótekjur en hagnaður sem nettótekjur
- Þetta er ekki allt. **Undir ákveðnum kringum stæðum er þannig heimilt að fresta eða dreifa skattlagningu einstaklega tilfallandi tekna**
- Slíkir möguleikar standa hins vegar ekki til boða þegar reglulegar tekjur eiga í hlut, að minnsta kosti ekki lengur

Dæmi úr framkvæmd

Vísir, |07. okt. 2009 08:01

Ríkið mögulega að fara á mis við milljarða



Jón Hákon Halldórsson skrifar:

Mögulegt er að ríkið hafi farið á mis við tugi milljarða króna vegna þess að fyrirtæki hafi frestað skattgreiðslum vegna hagnaðar af sölu hlutabréfa án heimildar.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir í samtali við Morgunblaðið í dag að málið sé til athugunar hjá embættinu. Hlutabréfahagnaður er skattskyldur hjá félögum þar sem hann fellur að aðalstarfsemi og er það mat ríkisskattstjóra að almennar reglur um söluhagnað og tap

Skúli Eggert Þórðarson segir að ríkisskattstjóri sé að kanna málið. Mynd/ Sigurður Jökull.

gildi ekki hjá félögum sem stunda þá meginstarfsemi að kaupa og selja hlutabréf.

Mörg þeirra félaga sem frestuðu skattgreiðslunum eru gjaldþrota í dag, að sögn Morgunblaðsins.

Hlutabréfahagnaður er skattskyldur hjá félögum þegar hann fellur að aðalstarfsemi. **HVAÐ MERKIR ÞAÐ?**

Jú, það merkir að félögin stundi kaup og sölu hlutabréfa í atvinnuskyni. Þegar svo háttar til telst heildar söluverðið til tekna og til frádráttar því ber svo að draga heildarkaupverðið sem vörunotkun

Uppgjörið fer því skv. B-lið 7. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. TSL en ekki skv. 18. gr. og 24. gr. TSL

Getur fyrirtæki haft hvers konar tekjur sem er?

- Nei, t.d. getur fyrirtæki ekki haft laun í tekjur. Sama gildir um lífeyri og tryggingabætur – liggur í hlutarins eðli
- Auk þess verða tekjurnar að **tengjast** starfseminni með ákveðnum hætti
- Stundum kemur upp vafi um það hvort slík tengsl séu nægjanlega náin, bein ...
 - **Happdrættisvinningur. Kaup á happdrættismiðum er almennt ekki í verkahring fyrir tækja. Ath. umboðsmann happdrættis**

HEIMFÆRSLA

Rétthafi tekna er sá sem á lagalegan rétt á þeim

- Í öðrum tilvikum getur komið upp ágreiningur um tilheyrslu tekna. Skattstjóri heldur því t.d. fram að tekjurnar tilheyri starfsmanni/eiganda en fyrirtækið - atvinnurekstrinum/fyrirtækinu sem slíku
- Fyrirtæki kaupir t.d. slysatryggingu fyrir starfsmann/eiganda sinn og er kostnaðurinn gjaldfærður í rekstrinum
 - Starfsmaðurinn/eigandinn slasast við störf sín og er starfsmanninum/eigandanum greiddar slysabætur
 - Starfsmaðurinn/eigandinn heldur launum vegna fjarveru frá vinnu. Slysabæturnar renna því eðlilega til fyrirtækisins. Er þá ekki rétt og sanngjarnt að atvinnureksturinn/fyrirtækið tekjufæri bæturnar hjá sér?
 - Bæturnar tilheyra þeim sem greiðir vátrygginguna, sbr. gagnkvæmnisreglan

YSÚ 85/2018

- Sú breyting ríkisskattstjóra á skattframtali kæranda, að færa honum til tekna í lið 2.3 í skattframtalinu slysabætur frá tryggingafélagi, var ómerkt með því að ríkisskattstjóri gætti þess ekki að gefa kæranda kost á að koma á framfæri skýringum sínum varðandi meðferð teknanna og hvernig þær tengdust atvinnurekstri kæranda. **Var bent á að fengnar slysabætur gætu talist til rekstrartekna ef þær tengdust atvinnu rekstri eða sjálfstæðri starfsemi**

YSÚ 274/1998

- Deilt um gjaldfærslu vátryggingaiðgjalda vegna sjúkra- og slysatryggingar annars vegar og afkomutryggingar hins vegar
- Yfirskattanefnd féllst á gjaldfærslu iðgjalda af hinni fyrrnefndu tryggingu með vísan til skatt- og úrskurðaf framkvæmdar
- Þá var fallist á frádráttarbærni iðgjalda af afkomutryggingu, enda þótti ljóst samkvæmt tryggingaskilmálum að umrædd trygging væri í eðli sínu ein tegund sjúkra- og slysatrygginga

Úrskurður nr. 126/2002

Gjaldár 2000

- Kæranda, sem var sjálfstætt starfandi listamaður, voru veitt starfslaun listamanns til sex mánaða samkvæmt lögum nr. 35/1991 auk þess sem hann fékk styrk frá Menningarsjóði félagsheimila
- Skattstjóri hafnaði því að telja bæri umrædd starfslaun og styrk til tekna af atvinnurekstri kæranda
- **Yfirskattanefnd benti á að til grundvallar umsókn kæranda um listamannalaun hefðu legið verkefni hans sem sjálfstætt starfandi listamanns**
- Þá væri einsýnt að styrkur frá Menningarsjóði félagsheimila væri vegna sjálfstæðrar starfsemi kæranda, þ.e. málverkasýninga
- **Var fallist á með kæranda að í báðum tilvikum væri um að ræða tekjur hans af atvinnurekstri og var krafa kæranda því tekin til greina**

Einstaklingssskattlagning

- Einstaklingar greiða **pví sem næst** brúttóskatt. Frádráttur frá tekjum hjá þeim er því mjög TAKMARKAÐUR
- **Laun - frádráttur**
 - Endurgreiðsla á út lögðum kostnaði
 - Dagpeningar Ökutækjastyrkur
 - Iðjald í lífeyrissjóð → MUNA
- Aðrar **aflatekjur** en laun – frádráttur → beinn kostnaður
 - Sjá 2. mgr. 30. gr. TSL. Ath. tap er ekki yfirfæranlegt milli ára
- Fjármagnstekjur - Ath. tímafærsluna; áfallatími eða greiðslutími
 - Frestun. Sjá 1. mgr. 2. tölul. 1. mgr. 30. gr. TSL, ógreiddir vextir
 1. Mótreykingur vegna tapaðra fjármagnstekna. Sjá 2. mgr. 2. tölul. 1. mgr. 30. gr. TSL
 2. Leiga á móti leigu, sbr. 3. mgr. 30. gr. TSL. Einskorðast við íbúðarhúsnæði til eigin nota. Ath. ekki skiptir máli hvar íbúðin er staðsett. **Nú 58. gr. a TSL**

Tekjuskattsstofn

Muna tekjukelduregluna

- Tekjuskattsstofn manna, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, samanstendur af: Sjá 61. gr. TSL
 - a) Tekjur skv. II. kafla, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, að teknu tilliti til þess frádráttar sem heimilaður er frá þeim tekjum, sbr. 30. gr.
 - b) Tekjur skv. II. kafla, sem tengdar eru atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, að teknu tilliti til þess frádráttar sem heimilaður er frá þeim tekjum, sbr. 31. gr. **(Eyðublað, 4.10, 4.11)**
- **Samanlagðar (jákvæðar)** tekjur ákveðnar eftir a- og b-liðum mynda tekjuskattsstofn aðila samkvæmt þessum tölulið
– **Sé tap á atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi**, þannig að b-liður þessa töluliðar er neikvæður, **telst tekjuskattsstofn einungis tekjur skv. a-lið**
- **TAP AF ATVINNUREKSTRI EÐA SJÁLFSTÆÐRI STARFSEMI ER ALDREI HEIMILT AÐ DRAGA FRÁ TEKJUM SEM EKKI ERU TENGÐAR SLÍKRI STARFSEMI,**
– en heimilt er að yfirfæra TAPIÐ skv. 8. tölul. 31. gr. og draga frá hagnaði sem síðar kann að myndast í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi aðila

Fyrirtækjaskattlagning

- Atvinnurekendur greiða nettóskatt. Frá heildar-tekjum þeirra má því draga kostnað, það er þau heildargjöld sem ganga til að afla teknanna
- Skilgreining á þeim kostnaði, sem heimilt er að draga frá tekjum, er að finna í 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. skattalaganna (TSL)
- Þessi kostnaður er í daglegu máli kallaður REKSTRARKOSTNAÐUR → vísar til rekstrar-hagfræðinnar

1. tölul. 1. mgr. 31. gr. TSL

- **Frá tekjum** lögaðila og þeim tekjum manna, sem stafa af **atvinnurekstri** eða sjálfstæðri starfsemi eða eru **tengdar** slíkum rekstri **má draga**:
 1. Rekstrarkostnað, þ.e. þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim (**tekjunum**) við,
 2. þar á meðal iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda **STARFSMANNA** í lífeyrissjóði sem starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, - mótframlagið
 3. **vexti af skuldum, afföll, gengistöp**, - Sjá 49. gr. TSL
 4. - **niðurfærslu** og **fyrningu eigna**, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum, - Sjá 32. gr. og 48. gr. TSL, 33. gr. TSL
 5. - og það sem varið er til tryggingar og viðhalds á eignum þeim sem arð bera í rekstrinum

Bein þýðing á a-lið 6. gr. dönsku ríkisskattalaganna, er hljóðar svo

- Ved Beregningen af den skattepligtige Indkomst bliver at fradrage:
 - a. **Driftsomkostninger, d.v.s. de Udgifter, som i Aarets Løb er anvendt til at erhverve, sikre og vedligeholde Indkomsten, derunder ordinære Afskrivninger;**
 - b. fra Embedsindtægter de Udgifter til Kontorhold m.v., som Embedets Bestridelse har medført;
 - c. Pensioner og andre Byrder, der paahviler et Embede. Beløb, der anvendes til Pensions- og Enkeforsørgelse, Livsforsikring, Ulykkes-, Syge-, Invaliditets-, Alderdoms- og Arbejdsløshedsforsikring, dog ikke ud over et samlet Beløb af indtil 400 Kr. aarlig;
 - d. de Beløb, som i det paagældende Aar er udredet i personlig paalignede Skatter, i Skatter og Afgifter paa fast Ejendom og Næring til Stat, Kommune og Kirke, i Tiende, Fæste- og Forpagtningsafgifter, Aftægtsydelser og lignende Byrder;
 - e. **Renter af Prioriteter og anden Gæld, samt hvad der er anvendt til blot Vedligeholdelse eller Forsikring af de af den skattepligtiges Ejendele, hvis Udbytte beregnes som Indkomst**


Sagan

- Rekstrarkostnaðarákvæðið er búið að vera óbreytt frá 1921
- Hingað koma það frá frá Danmörku, sbr. tekju- og eignarskattslög Dana frá 1903
- Fyrirmynd Dana var hins vegar prússnesku tekju- og eignarskattslögin frá 1879
- Í raun er ákvæðið því 150 ára gamalt hvorki meira né minna og það sem meira er
 - Oðalagið hefur haldist svo til óbreytt allar götur síðan

Rekstrarkostnaður


- Rekstrarkostnað má bæði skilgreina jákvætt og neikvætt
- **Jákvætt má skilgreina rekstrarkostnað svo:**
 - Rekstrarkostnaður eru þau gjöld sem á árinu er varið (eytt) til að afla tekna, tryggja þær og halda þeim við ...
- Hin neikvæða skilgreining hljóðar hins vegar svo:
 - Rekstrarkostnaður telst sá kostnaður sem stofnað er til á árinu og hvorki gengur til kaupa á eignum (vörum, varanlegum rekstrarfjármunum o.fl.) né fullnægingar á persónulegum þörfum atvinnurekanda - heldur til öflunar (reglulegra) tekna

Hvað má draga frá



Af hverju bara tekjuöflunarkostnaður? Tré; bolurinn og eplin

Menn sögðu:
Stofninn, bolurinn,
eignin skapar ekki
tekjur þar sem
hagnaður af sölu
hans telst ekki til
tekna
Frá tekjum skyldi því
ekki heimilt að draga
neinn kostnað er
tengdist bolnum
Þótt hagnaður af sölu
eigna hafi síðar orðið
skattskyldur hefur
þessi aðgreining
samt haldist óbreytt



Menn litu á eplin sem
tekjurnar. Vegna þessa
mátti aðeins draga frá
kostnað sem tengdist
þeim.
Hér til taldist umhirða
trésins, áburðarnotkun,
tínsla eplanna, kostnaður
við varðveislu þeirra svo
og sala

Orðskýringar: Rekstrarkostnaður ...

- „þ.e. þau gjöld sem **eiga á árinu** að ganga til að afla tekna ...“
 - „**á árinu**“ merkir rekstrarárið, sbr. 2. mgr. 59. gr. TSL
 - Skv. því má draga þau gjöld frá tekjum, sem stofnað er til á árinu, í því augnamiði að afla tekna
 - Ath. Ekki er skilyrði að tekjur falli til á sama ári og efnt er til gjalda
 - **Muna tréið; sáning og uppskera fellur ekki endilega til á sama ári**
 - „Ganga til“ merkir **eyðsla. Sem slíkt stendur orðalagið andspænis ekki eyðslu eða eign** sem til staðar er í árslok sem vara, varanlegur rekstrar fjámunur
 - ... „að afla tekna“ gerir kröfu um einhvers konar **samband eða tengsl** gjalda við tekjur. Þessu sambandi er stundum lýst sem
 - Nánu, beinu, fullnægjandi

Samband tekna og gjalda

- Gjöldin þurfa að hafa einhverja tekjuöflunar-eiginleika. Hins vegar er ekki skilyrði að beint orsakasamband sé á milli stofnunar gjalds og tekna
- Því síður er unnt að krefjast þess að gjöldin séu nauðsynleg, óhjákvæmileg, o. fl. til að afla teknanna
- Tilurð útgjalda í atv. er auðvitað mismunandi. Þannig er efnt til sumra gjalda gagngert til að afla tekna. Önnur leiða aftur á móti til tekjuöflunar jafnvel þótt það hafi alls ekki verið tilgangurinn með stofnun þeirra

ÚRN 281/1980

- Kostnaður sá er Skattstjóri Norðurlands eystra leyfir sér að fella niður af rekstrargjöldum og við gerum kröfu til að verði tekin til greina með gjöldum er eftirfarandi.
- Bækur sem dreift var til starfsmanna 2.072.000
- Innrömmun á myndum af S h.f. er dreift var til starfsmanna..... 414.000
- Blóm o. fl. sem send voru til einstakra starfsmanna á merkisafmælum þeirra373.447
- Prentun á starfsmannablaði, sem fyrirtækið gefur út og dreifir meðal starfsmanna. í bæklingi þessum eru birtar ýmsar upplýsingar til starfsmanna varðandi fyrirtækið og vinnu starfsmanna.....212 757
- IV. 2. Kostnað kæranda við prentun á starfsmannablaði, 212 757 kr., þykir bera að telja til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar hans í skilningi 11. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt
- **Hins vegar þykir kærandi eigi hafa sýnt fram á nauðsyn kostnaðar alls að fjárhæð 2 859 427 kr. vegna bóka, mynda og blóma, er dreift var til starfsmanna í þágu teknaöflunar hans á árinu 1978. Er kröfu kæranda um frádráttarbærni þeirrar fjárhæðar því synjað**

FJÁRHÆÐ GJALDA

- Atvinnurekandi ræður auðvitað sjálfur fjárhæð gjalda sinna
- **Almennt er því ekki unnt að hafna frádrætti þar sem um óþarfa eyðslu sé að ræða**
- Ef atvinnurekandi er neytandi slíks (óhófs) kostnaðar kann þó að vera unnt synja frádrætti hans með vísan til þess að um einkakostnað sé að ræða, það er fullnægingu á persónulegum þörfum atvinnurekanda

Tímafærsla gjalda, sbr. 2. mgr. 59. gr. TSL

- Frá tekjum má draga þau gjöld sem varið er til öflunar tekna „á árinu“ það er rekstrarárinu
- Gjöld, sem stofnað er til á öðru ári, t.d. árið á undan eða árið á eftir, eru því ekki frádráttarbær á uppgjörsárinu
- Því síður gjöld sem myndast eða falla til t.d. eftir 10 ár ...
- Hér til teljast ýmis **framtíðarleg gjöld** eins og
 - Viðhaldskostnaður, ábyrgðarkostnaður (ca. 3% af heildarveltu) og eftirlaunaskuldbindingar o. fl.
- Ef víkja á frá þessari meginreglu þarf sérstaka lagaheimild

Frádráttur framtíðarlegra skuldb.

- Framlag í áhættusjóð tryggingafélaga, sbr. 7. tölul. 31. gr. TSL. Frá tekjum má draga:
 - Fé það, er innlend vátryggingarfélög færa í árslok í iðgjaldasjóð, vegna þess (1) hluta iðgjalda sem fellur á næsta reikningsár og í bótasjóð (2) til að inna af hendi áfallnar skyldur sínar við vátryggingartaka
- Áunnin orlofslaun frá 1. maí til 31. des. ár hvert skv. úrskurðaf framkvæmd. Frá fyrri tíð má svo nefna:
 - ✓ Arður. Var áður frádráttarbær þótt hann reiknaðist af hagnaði skv. fyrirliiggjandi ársreikningi, sbr. 74. gr. EHL
 - ✓ Ýmis eftir á greidd gjöld/skattar

ÚRN 281/1980

orlof frá 1. MAÍ TIL 31.DES.

- Eðlilegast þykir að líta svo á að orlof það, sem fastir starfsmenn kæranda höfðu áunnið sér vegna vinnu sinnar frá 1. maí til 31. desember 1978 sé ógjaldkræfar launakröfur þeirra í árslok, en sama fjárhæð sé ógjaldfallin skylda kæranda til greiðslu þeirra launa
- **Þykir því rétt að fallast á þær kröfur kæranda að áætlaða fjárhæð áunnins orlofs fastra starfsmanna megi telja til rekstrarkostnaðar þess rekstrarárs, þegar orlofskrafa þeirra stofnaðist á hendur kæranda, óháð því hvenær sú greiðsluskylda hans féll á, enda hefur hann í bókhaldi sínu gjaldfært þennan kostnað er hann féll á**
- **Er það í besta samræmi við góða reikningsskilavenju.** Þykir og vera um að ræða þann þátt í teknaöflun kæranda á rekstrarárinu 1978 að 11. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, heimili þann kostnað til frádráttar þeim tekjum áður en tekjuskattur er á þær lagður. Það þykir ekki eiga að skipta hér máli, þó að starfsmönnum sé **ekki skylt** að telja sér til tekna orlofið fyrr en á því ári sem það er tekið

Stofnun eða myndun gjalds

- Draga má rekstrarkostnað frá tekjum strax og hann hefur verið **STOFNAÐUR**
- Stofnun kröfu miðast við þann dag sem unnt er að krefja skuldara um fullunstu greiðslunnar að lögum
 - Í því sambandi er almennt gengið útfrá afhendingu /móttöku eins og við tekjufærsluna
- Frádrátturinn er því óháður greiðslu. Þetta er auðvitað bundið því skilyrði að ekki sé ágreiningur um fjárhæð kröfunnar
- Óvissar kröfur ber með öðrum orðum ekki að gjaldfæra fyrr en óvissunni hefur verið eytt

Trygging og viðhald tekna

- Frá tekjum má draga rekstrarkostnað, það er þau útgjöld sem eiga á árinu að ganga til að
 - (1)Afla tekna, (2)Tryggja tekjur og (3)Halda við tekjum
- 1. **Tekjuöflunar(eyðslu)kostnaður.** Þetta er hinn almenni rekstrarkostnaður
- 2. **(Tekju)Tryggingarkostnaður.** Ath. átt er við kostnað sem tengist tekjunum, ekki eignunum
 - Dæmi: Rekstrarstöðvunartrygging gagnstætt brunatryggingu
- 3. **(Tekju)Viðhaldskostnaður.** Ath. átt er við kostnað sem tengist tekjunum, ekki eignunum
 - Orðið **viðhald** vísar til framtíðarinnar. Tilgangur kostnaðarins er því að tryggja áframhaldandi óbreytt tekjustreymi atvinnurekanda með endurnýjun á því (starfsmenn, viðskiptasambönd) sem gengið hefur úr sér
 - **Dæmi: Risna, endurmenntun o. fl.**

Hvað er átt við með tekjum?

- Tekjur = neysla (**einkakostnaður**) + eignaaukning á árinu (eignir í lok árs - eignir í upphafi árs): sparnaður
- **Einkakostnaður telst sá kostnaður sem varið er til að fullnægja persónulegum þörfum manns**
 - Hér til telst m.a. fæði, klæði og skemmtan ...
- Ef mönnum yrði leyft að gjaldfæra einkakostnað í rekstri myndi einungis sparnaður þeirra koma til skatts. **Varla getur það talist rétt eða hvað?**
 - Auk þess myndi frádrátturinn orsaka ójafnræði milli einstaklinga, sem ekki stunda atv., og atvinnurekenda
- **Almennt er því óheimilt að draga einkakostnað frá tekjum nema það sé sérstaklega leyft skv. lögum**

Reiknað endurgjald

taldist áður einkakostnaður

- Fram til 1978 var mönnum, sem stunduðu atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi á eigin kennitölu sinni, óheimilt að reikna sér laun og draga þau frá tekjum
- Byggðist þetta á því að litið var á launin sem hluta af afkomu starfseminnar sem jafngilti því að um eigna-/einkakostnað væri að ræða
- Þótt þessu hafi verið breytt 1978 eymdi lengi vel eftir af sjónarmiðinu svo sem synjun á **frádráttarbærni mótframlags sjálfstætt starfandi manna í lífeyrissjóð vitnar um**

Þetta breyttist 1978

Sjá nú 1. tölul 3.mgr. 31 gr. TSL

- Til rekstrarkostnaðar telst enn fremur það endurgjald **sem manni ber að reikna sér** fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu sem telja ber til tekna skv. **2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr.**
- **Eigi skiptir máli hvort endurgjaldið hefur verið greitt**
 - **Hvað þýðir þetta? Má ógreitt reiknað endurgjald mynda skuld í rekstri? Og ef svo er má þá vaxtareikna skuldina**
- Hafi endurgjaldið verið greitt skiptir ekki heldur máli hvort það hefur verið greitt í reiðufé, fært á einkareikning, greitt í fríðu eða **í hlunnindum** eða með vinnuskiptum

Gjafir o. fl. – tveir flokkar

- Gjafir eru dæmi um einkakostnað sem gengur til að fullnægja persónulegum þörfum atvinnurekenda
 - Þótt gefandinn sé fyrirtæki eru eigendurnir í raun að upphefja sjálfa sig – sjáið hvað ég er góður - strákar
- Almennt er því óheimilt að draga þær frá tekjum. Í skattalögum er þó að finna tvenns konar undanþágur frá þessari meginreglu:
 1. Einstakar gjafir og framlög ... sbr. 2. tölul. 31. gr. TSL
 2. Tækifærisgjafir til starfsmanna, sbr. 4. tölul. A-liðar 7. gr. og 1. tölul. 50. gr. TSL

Bónus gefur Barnaspítala Hringsins tæki

BÓNUS færði í gær Barnaspítala Hringsins tækjabúnað að gjöf að verðmæti 10-12 milljónir króna. Um er að ræða þrjár stjórnstöðvar fyrir lífsmarkavaka.

BÓNUS færði í gær Barnaspítala Hringsins tækjabúnað að gjöf að verðmæti 10-12 milljónir króna. Um er að ræða þrjár stjórnstöðvar fyrir lífsmarkavaka. Stjórnstöðvar tækjanna eru tengdar tækjum til að vaka yfir hjartslætti, öndun, súrefnismettun og blóðþrýstingi barna sem liggja á Barnaspítalanum. Áætlað er að nýi Barnaspítali Hringsins verði tekinn í notkun í eftir rúma viku og munu tækin verða sett upp þar á næstu vikum.

Jóhannes Jónsson afhenti tækin í gær fyrir hönd Bónuss en fyrirtækið hefur á undanförunum árum gefið Barnaspítalanum gjafir að verðmæti um 40 milljóna króna.

"Við erum mjög ánægð með stuðning Jóhannesar í Bónus og viðskiptavina hans. Stuðningur hans skiptir verulegu máli í meðhöndlun veikra barna. Mikið er talað um verð þessara tækja, en verðmæti þeirra er miklu meira," sagði Ásgeir Haraldsson, prófessor í barnalækningum og forstöðumaður fræðasviðs á Barnaspítala Hringsins. "Tækin léttu verulega öll störf við að fylgjast með alvarlega veikum börnum og eykur öryggi og eftirlit. Auk þess er þarna tæki til þess að taka hjartalínurit og tæki til að nota við endurlífganir sem við vonumst til að nota sem sjaldnast," sagði Ásgeir.



Tækin, sem Jóhannes Jónsson gaf barnaspítalanum að verðmæti 10 til 12 milljónir króna, voru strax tekin í notkun og prófuð á Jóhannesi. Frá vinstri: Anna Ólafía Sigurðardóttir deildarstjóri, Jóhannes, Gunnlaugur Sigfússon, sviðstjóri lækninga, og Ásgeir Ha

INNSKRÁNING

Þriðjudaginn 5. desember, 2008 - Innliendar fréttir

Kennitala eða netfang:

Lyklilorð:

Innskráning

Nýr notandi
Minna á lykilorð



Lesi Morgunblaðið

LANDSBÓKASAFN

Morgunblaðið hjá
Landsbókasafni



Vakandi þörf fyrir hjálp Mæðrastyksnefndar

Bónus veitti í gær 21 milljón króna til hjálparstarfsins

Eftir Helga Snæ Sigurðsson helgis@mbl.is FORMADUR
Mæðrastyksnefndar, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, segir sífellt fleiri fjölskyldur sækja um aðstoð nefndarinnar.



Peningagjafi Jóhannes Jónsson í Bónus færir Mæðrastyksnefnd gjöf til að styrkja þá sem búa við báguð kjör.

Eftir Helga Snæ Sigurðsson
helgis@mbl.is

FORMADUR Mæðrastyksnefndar, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, segir sífellt fleiri fjölskyldur sækja um aðstoð nefndarinnar. "Í haust hefur aðsóknin vaxið mjög og við finnum fyrir því að fólk kemur seinnipartinn í mánuðinum þegar þannig er komið fyrir því að það hefur ekki peninga sem duga muna því út mánuðinn. Við vitum um fólk sem ekki treystir sér til að koma, einhverra hluta vegna," segir Ragnhildur.

Ragnhildur telur að það fólk geti verið illa farið af veikindum eða hafi orðið fyrir einhverju sem valdi því að það treystir sér ekki til að koma. "Það eru alltof margir sem þurfa á aðstoð að halda. Það er sorglegt til þess að vita að hópurinn yngst og eldist. Það eru fleiri ungir sem koma núna og fleiri eldri borgarar en verið hefur. Því miður eru eitruftir inni í þeirri mynd og fleiri öryrkjar sem leita til okkar en nokkum tíma áður."

1.400 heimili fengu aðstoð fyrir síðustu jól

Mæðrastyksnefnd Reykjavíkur og Hjálparstarf kirkjunnar munu veita sameiginlega jólaaðstoð í desember um allt land. 1.400 heimili leituðu til hjálparstarfsins fyrir síðustu jól, en starfsmenn þess verða í Sættúni 8 í Reykjavík fyrir þessi jól.

Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar, segir starfið fara fram um allt land. Matarkassar séu sendir fólki úti á landi og þá sérstaklega um jólin. "Umsóknir berast í gegnum presta eða félagsþjónustu úti á landi í desember en við erum líka með útibú á Akureyri," segir Vilborg.

1.400 heimili fengu aðstoð fyrir síðustu jól

Mæðrastyksnefnd Reykjavíkur og Hjálparstarf kirkjunnar munu veita sameiginlega jólaaðstoð í desember um allt land. 1.400 heimili leituðu til hjálparstarfsins fyrir síðustu jól, en starfsmenn þess verða í Sættúni 8 í Reykjavík fyrir þessi jól.

Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar, segir starfið fara fram um allt land. Matarkassar séu sendir fólki úti á landi og þá sérstaklega um jólin. "Umsóknir berast í gegnum presta eða félagsþjónustu úti á landi í desember en við erum líka með útibú á Akureyri," segir Vilborg.

Fólk á höfuðborgarsvæðinu eða Akureyri sækir um hjá skrifstofum Hjálparstarfs kirkjunnar eða Mæðrastyksnefnd og sækir svo gjafabréfin.

Verslanakeðjan Bónus veitti í gær 21 milljón króna til hjálparstarfsins. Þeim peningum verður varið í að aðstoða þá sem við báguð kjör búa. Gefin verða 4.200 gjafabréf frá verslunum Bónuss að upphæð 5.000 kr. hvert. Fyrir tveimur árum gaf Bónus sömu félagum 20 milljónir króna og 25 milljónir fyrir fjórum árum.

Jóhannes Jónsson, kenndur við fyrirtæki sitt Bónus, sagði á blaðamannafundi vegna peningagjafarinnar að fyrir hvert gjafabréf ætti að vera hægt að kaupa eina góða jólamáltíð í Bónus. Heildarverðmæti gjafarinnar, 21 milljón króna, væri ekki tilviljun þar sem það væri sama upphæð og veitt var dómsmálaráðuneytinu með aukafjárveitingu haust til að "gera út sérstakan saksóknara" í Baugsmálinu, eins og Jóhannes orðaði það. "Okkur fannst ágætt að sýna fram á hvað þessi upphæð gæti mettað marga munna ef hún væri notuð á viturlegri hátt en að hafa fólk að leiksoppi og kvelja það ef hægt er."

Gott að gefa

Jóhannes sagði í samtali við Morgunblaðið að hann væri kominn í jólaþak. "Þetta hefur virkileg áhrif á mann, hvernig samtökin taka manni þegar maður kemur færandi hendi. Manni líður alltaf vel þegar maður gefur og við höfum haft það að leiðarljósi frá fyrsta degi að ef maður gefur ekkert þá fær maður ekkert," segir Jóhannes.

Í hnotskurn

» Verslanakeðjan Bónus hefur á undanförmum árum gefið samtals 66 milljónir til Mæðrastyksnefndar, en nefndin og Hjálparstarf kirkjunnar vinna sameiginlega að úthlutun.

» Fólk á höfuðborgarsvæðinu eða Akureyri getur sótt um aðstoð fyrir jólin á skrifstofum Hjálparstarfs kirkjunnar eða Mæðrastyksnefndar.

Gjafir til menningarmála o. fl.

- Sjá 2. tölul. 31. gr. TSL. Frá tekjum í atvinnurekstri má draga: Einstakar gjafir og framlög til
 - (1)kirkjufélaga,
 - (2)viðurkenndrar líknarstarfsemi,
 - (3)menningarmála,
 - (4)stjórnmalaflokka og
 - (5)vísindalegra rannsóknarstarfa,

þó ekki yfir 0,75% af tekjum skv. B-lið 7. gr. á því ári (heildarvelta) sem gjöf er afhent. Ath.

 - Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir falla undir þennan tölulið
 - Skoðið reglugerð nr. 483/1994. **ATH. ÞIÐ VERÐIÐ AÐ KYNNA YKKUR ÞESSA REGLUGERÐ**

Gjafir til stjórnmalaflokka

- Skv. ársreikningi (sundurliðun) X ehf. gaf fyrirtækið eftirtaldar fjárhæðir til stjórnmalastarfsemi
 - 500 þús. til Sjálfstæðisflokksins
 - 1 millj. í prófkjör A frambjóðanda X B í sveitarstjórnarkosningunum
 - 50 þús. til Röskvu, félags vinstrimanna í HÍ
 - 100 þús. í forsetaframboð C vegna forsetakostninganna ...
- Hvað af þessum gjöfum má fyrirtækið draga frá tekjum?

1. tölul. 50. gr. TSL og 4. tölul. A-liðar 7. gr.

- Til rekstrarkostnaðar skv. 31. gr. eða til frádráttar skattskyldum tekjum á einn eða annan hátt er **ekki** heimilt að telja:
 1. Gjafir, þó ekki **tækifærisgjafir** í **FRÍÐU** til starfsmanna eða viðskiptavina þegar verðmæti þeirra er ekki meira en gerist um slíkar gjafir almennt
- Um skattskylduna hjá starfsmönnum, sjá 4. tölul. A-liðar 7. gr. TSL. **Til tekna hjá mönnum teljast:**
 4. **Beinar gjafir í peningum eða öðrum verðmætum.** Undanskildar eru þó **tækifærisgjafir**, enda sé verðmæti þeirra ekki meira en almennt gerist um slíkar gjafir svo og verðlitlir vinningar í almennum happdrættum og keppnum

JÓLAGJAFIR TIL STARFSMANNA

- Jólagjafir til starfsmanna eru frádráttar bærar frá tekjum
- Sama gildir um afmælisgjafir (lífafmæli og starfsafmæli)
- Einnig gjafir í tengslum við sérstaka atburði í lífi starfsmanns eins og fæðingu barns, brúkaup o. fl.

Jólaglögg Árshátíð Vorferð

120.000 kr.
per starfsmann
vegna allra
viðburðanna

Svo er það
jólagjöfin
Hún má kosta
um 30 þús.

10/16/2021



Nágrannar verslunarinnar Vísis við Laugaveg koma til með að sakna hennar en 100 ára verslunarrekstri þar lauk um helgina. Í gær voru menn í óðaönn að ganga frá í húsnæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Gjafir yfir 120 þúsund krónum skattskyldar

Fréttablaðið fjallaði nýverið um jólagjafir hjá ríkisstofnunum. Fari verðmæti slíkra gjafa yfir 120 þúsund krónur á að borga af þeim skatt að sögn ríkisskattstjóra. Séu gjafirnar hins vegar peningar ber ávallt að telja þær fram til skatts.

SKATTAMÁL Verðmæti tækifærisgjafa má ekki fara yfir 120 þúsund krónur án þess að þær verði taldar fram til skatts. Þetta segir Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri.

Fréttablaðið fjallaði í janúar um jólagjafir og jólahlaðborð ríkisstofnana og -fyrirtækja. Af þeim 150 svörum sem blaðinu höfðu þá borist mátti ráða að dýrustu gjafirnar sem ríkisstarfsmenn fengu frá vinnuveitanda sínum fyrir síðustu jól væru að verðmæti tæplega 31 þúsund krónur. Þessar gjafir eru því fjarri því að ná því marki að vera skattskyldar.

Skúli Eggert segir að almennt eigi að telja til tekna hvers konar gæði sem mönnum hlotnast og það sem metið verði til peningaverðs. „Þá skiptir það ekki máli í hvaða formi það er eða hvaðan það stafar,“ segir hann.

Ríkisskattstjóri segir jólagjafir flokkast sem tækifærisgjafir. „Það er auðvitað mjög mismunandi á milli fyrirtækja, stofnana og einstaklinga hvað þeir líta á sem viðunandi gjöf. Það er auðvitað vandrótuð línan þarna, að vera ekki tíkarlegur í gjöfum þannig að það móðgi móttakandann og um leið að hafa það

Það er auðvitað vandrótuð línan þarna, að vera ekki tíkarlegur í gjöfum þannig að það móðgi móttakandann og um leið að hafa það innan skynsamlegra marka.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri

innan skynsamlegra marka,“ segir Skúli Eggert.

Meginreglan að sögn Skúla Eggerts er sú að jólagjafir frá fyrirtækjum eru ekki skattskyldar nema það séu peningar. „Ef þetta eru peningar sem eru gefnir þá er það ekki annað en launauppbót. Dæmi um slíkt er ef menn fá einhverjar bónusgreiðslur eða greidda einhverja yfirvinnu sem þeir hafa ekki unnið en er einhvers konar jólagjöf eða eitthvað slíkt. Þá er það skattskyldt að fullu,“ segir hann.

Skúli Eggert segir að í öllum tilfellum þurfi að vega þetta og meta. „Það þarf að hafa það í huga þegar verið er að gefa einstaklingsbundnar gjafir,“ segir hann og tekur sem dæmi



Fréttablaðið birti lista yfir dýrustu jólagjafir og hlaðborð 22. janúar.

gjöf sem starfsmenn slá saman í eða fyrirtækið borgar handa starfsmanni sem er að láta af störfum. „Það er einsskiptis athöfn, það er tækifærisgjöf. Jafnvel þó að það væri eitthvað sem kostaði jafnvel hundrað þúsund krónur eða eitthvað þess háttar, þá er ekki hægt að líta á það sem skattskyldt í þeim skilningi.“ gar@frettabladid.is

Í fríðu. Hvað merkir það?

- Að borga í fríðu merkir að greiða með lifandi peningi eða gjaldgeng um varningi eins og vaðmáli
- Í raun er því um að ræða peninga ígildi



Lögmaðurinn fékk greitt í fríðu



Reuters

Lögmaður í Illinois í Bandaríkjunum hefur verið sviptur málflytningsréttindum í rúmt ár eftir að upp komst, að hann tók einkadansa hjá nektardansmæri upp í skuld.

Blaðið Chicago Tribune sagði frá því að Scott Robert Erwin muni missa málflytningsréttindin í 15 mánuði. Erwin starfar í borginni DeKalb. Að sögn blaðsins hafði Erwin veitt konunni ýmsa lögfræðipjónustu sem hún gat ekki borgað fyrir. Sömdu þau um að hún kæmi á skrifstofu lögmannsins öðru hvoru og dansaði þar fyrir hann. Í hvert skipti myndi lögmannsreikningurinn lækka um 534 dali, jafnvirði 50 þúsund

króna.

Konan fór hins vegar til lögreglu árið 2002 og kvartaði yfir því, að lögmaðurinn snerti sig með óviðurkvæmilegum hætti á meðan hún var að dansa. Erwin neitaði þessu og var aldrei formlega ákærður en síðanefnd lögmannafélags Illinois komst í málið.

Gagnkvæmnisreglan

- ...MÆLIR SVO FYRIR UM AÐ TEKJUR HJÁ EINUM SÉU GJÖLD HJÁ ÖÐRUM
- Teljist tekjurnar ekki til tekna hjá viðkomandi er greiðandanum venjulega meinað að draga gjöldin (tekjurnar) frá
- Frádráttur (skattfrjálsra) tækifærisgjafa frá tekjum í atvinnurekstri felur því í sér undantekningu frá þessari meginreglu

FYRIRTÆKI SKEIÐIN ÞRjú

- Við ákvörðun á frádráttarbærni rekstrar-
útgjalda er gott til skilningsauka að
skipta líftíma fyrirtækis upp í þrjú stig
sem hér segir
 1. Stofnun rekstrar. Starfsemi byrjar
 2. Rekstur. Starfsemi í gangi
 3. RekstrarLok. Starfsemi hættir

Stofnun eða upphaf rekstrar

- Gjöld, sem innt eru af hendi við stofnun atv., skortir yfirleitt **nægjanlega beint** samband við tekjurnar til að vera frádráttarbær
- Almennt er því óheimilt að draga kostnaðinn frá tekjum **nema það sé sértaklega leyft í lögum, sbr. 32. gr.TSL**
- Sama gildir um kostnað sem efnt er til í þeim tilgangi að **útvíkka eða stækka** starfsemina

32. gr. TSL

má fyrirtæki velja árin

- Eftirtaldar eignir er heimilt að færa niður á því ári sem þær myndast eða með jöfnum fjárhæðum **á fimm árum**: - hvaða fimm ár eru þetta?
 - a) (Almannan) **Stofnkostnað**, svo sem kostnað við skráningu fyrirtækis og öflun atvinnurekstrarleyfa
 - Ekki tæmandi skilgreining
 - b) (Sérstakan) **Stofnkostnað** við tilraunavinnslu, markaðsleit, rannsóknir og öflun einkaleyfis og vörumerkja
- Niðurfærsla samkvæmt þessari grein er heimil til frádráttar **í fyrsta skipti á því ári þegar eignanna er aflað eða lagt er í kostnað þeirra vegna**

Úrskurður nr. 281/2003

Gjaldár 2001

- Kostnaður hlutafélags vegna hlutafjár-útboðs á árinu 2000 var talinn til stofnkostnaðar sem heimilt var að færa niður á því ári sem kostnaðurinn myndaðist
- Um var að ræða þóknun sem félagið greiddi verðbréfafyrirtæki vegna umsjónar þess fyrirtækis með útboðinu

Hvenær byrjar atvinnurekstur

- Upphaf atvinnurekstrar markar tímamark frádráttarþærni rekstrarútgjalda
- Þess vegna er eðlilegt að spurt sé: **Hvenær byrjar eða hefst atvinnurekstur?**
- Atvinnurekstur telst byrja þegar maður hefur tekið ákvörðun um að hefja hann og lýst þeirri ákvörðun í verki með
 - Ráðningu á starfsfólki, kaupum á vörum til endursölu, kaupum á varanlegum rekstrarfjármunum og öðrum aðföngum til notkunar í atvinnurekstrinum, skráningu starfseminnar, öflun atvinnurekstrarleyfis og síðast en ekki síst **opnun starfstöðvar fyrir almenning** o fl.

Opnun starfsstöðvar

Ath. fyrirfram skráningu á vsk skrá

- Opnun starfsstöðvar og þar með innkoma fyrstu krónunnar er eiginlega forsenda þess að atvinnurekstur teljist hafinn
- Dragist úr hófi að opna atvinnureksturinn af ástæðum, **sem atvinnurekanda er um að kenna**, getur það því leitt til höfnunar á frádráttarbærni einstakra kostnaðarliða

Úrskurður nr. 131/2008

Gjaldár 2001

- Kærendur, sem fluttu til Íslands frá Svíþjóð á árinu 2001, færðu til gjalda í skattskilum sínum gjaldárið 2001 ýmsan kostnað sem þau stofnuðu til á árinu 2000 vegna rekstrar lækna- og tannlæknastofu sem kærendur komu á fót hér á landi á árinu 2001. Var deilt um það hvort umrædd útgjöld féllu undir frádráttarbæran rekstrarkostnað, sem heimilt væri að færa til gjalda í skattskilum kæranda tekjuárið 2000 þótt reksturinn hefði ekki byrjað **að skila tekjum fyrr en á tekjuárinu 2001**, eða eftir atvikum niðurfæranlegar eignir í skilningi 31. gr. A laga nr. 75/1981
- Að virtum atvikum málsins og þegar litið var til eðlis starfsemi kæranda, þ.e. sölu á þjónustu, var fallist á með skattstjóra að upphaf atvinnurekstrar kæranda yrði í skattalegu tilliti ekki miðað við tekjuárið 2000, **enda hefði starfsemi kæranda ekki hafist fyrr en á tekjuárinu 2001**
- Þá þóttu engin efni til annars en að leggja til grundvallar að um væri að ræða upphaf nýs atvinnurekstrar hér á landi á árinu 2001 en ekki tímabundið rekstrarhlé, svo sem kærendur héldu fram. **Var því talið að gjaldfærsla hinna umdeildu útgjalda tekjuárið 2000 væri ekki að neinu leyti heimil í skattskilum kæranda gjaldárið 2001, hvorki á þeim grundvelli að um væri að ræða frádráttarbæran rekstrarkostnað né á þeim grundvelli að um væri að tefla kostnað sem heimilt væri að færa niður samkvæmt b-lið 2. mgr. 31. gr. A laga nr. 75/1981, enda hefðu kærendur ekki haft með höndum neinn atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi á tekjuárinu 2000**

Úrskurður nr. 173/2002


Hvort var þetta rannsóknar og þróunarkostnaður
eða framleiðslukostnaður

- Kærandi, hugbúnaðarfyrtæki sem starfaði aðallega að gerð tölvuleiks, hafði engar tekjur haft frá stofnun félagsins. Í málinu krafðist félagið þess að rekstrargjöld ársins 1999, sem færð höfðu verið til eignar í efnahagsreikningi sem stofnkostnaður, yrðu viðurkennd sem yfirfæranlegt rekstrartap, enda væri um að ræða frádráttarbæran rekstrarkostnað
- Talið var að kæranda hefði verið rétt að eignfæra áfallinn framleiðslukostnað í árslok samkvæmt verklokaaðferð í reikningsskilum, enda hefði framleiðslu tölvuleiks ekki verið lokið á árinu 1999. Var ekki fallist á með kæranda að í skattskilum giltu að þessu leyti aðrar uppgjörsaðferðir en í reikningsskilum, enda byggðu skattalög á hliðstæðum meginreglum um lotun tekna og gjalda og lagðar væru til grundvallar í reikningsskilum. Kæru félagsins var vísað frá yfirskattanefnd

Hvað gerist ef hætt er við opnun?

- X ehf. rekur búð í Reykjavík. Í sumar sem leið tók félagið á leigu húsnæði á Selfossi í þeim tilgangi að opna þar útibú í haust
- Kostnaður við leiguna, standsetningu húsnæðisins o. fl. er 2.500.000 kr.
- Nú liggur fyrir að X ehf. hefur hætt við opnun útibúsins og vegna þessa er eðlilegt að spurt sé hvað verði um kostnaðinn
- **Er hann frádráttarbær eða ekki frádráttarbær**

Bangsabúðin



BANGSAMÁL TÓMASAR INGA: „BÚIÐ AÐ ÉTA MIG AÐ INNAN“



Tómas Ingi Tómasson. (Heiða Helgadóttir)

INNLENT 09:30 - 15. NÓVEMBER 2010

„Þetta er búið að éta mig svo að innan að það er ekki spurning að maður fer með þetta alla leið,“ segir athafnamaðurinn og knattspyrnuþjálfari Tómas Ingi Tómasson.

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að hann gæti ekki hófðað mál hér á landi gegn forsvarsmönnum Choose Holding AS, handhöfum rekstrarleyfis Build-A-Bear-verslanakeðjunnar á Norðurlöndum. Áður hafði Héraðsdómur Reykjavíkur komist að sömu niðurstöðu.

DV greindi frá því nýlega að Tómas Ingi hefði tapað rúmum níu milljónum króna þegar forsvarsmenn fyrirtækisins ákváðu skyndilega að hætta við að opna útibú hér á landi árið 2008.

Einar Þór Sigurðsson (einar@div.is)

Vörunotkun – skattalög

Rekstur í gangi - stór gjaldaliður

- Vörunotkun er yfirleitt gerð upp með því að leggja vörukaup á árinu við vörubirgðir í ársbyrjun og draga síðan frá þeirri samtölu vörubirgðir í árslok
- Í skattalögnum er lítið fjallað um vörunotkun. Eina ákvæðið er í raun 4. tölul. 73. gr. TSL er hljóðar svo:
 - Vörubirgðir verslana og framleiðsluaðila, þar með taldar rekstrarvörubirgðir, svo sem hráefni, eldsneyti, veiðarfæri og vörur á framleiðslustigi, **skal telja til eignar á kostnaðar- EÐA framleiðsluverði - EÐA dagverði í lok reikningsárs,**
 - að frádregnum afföllum á **gölluðum og úreltum vörum**
 - Þó skal heimilt að draga allt að 5% frá þannig reiknuðu matsverði, sbr. 4. tölul. 31. gr. TSL: **Frá tekjum má draga:**
 - **Niðurfærslu vörubirgða í lok reikningsárs um allt að 5% af matsverði, sbr. 4. tölul. 73. gr.**

M
A
T
S
V
E
R
Ð

Matsverð vörubirgða í árslok

....

- Vörubirgðir skal telja til eignar á kostnaðar- **eða** framleiðsluverði **eða** dagverði í lok reikningsárs
- Skv. þessu máttu velja á milli þriggja verða, það er
 - kostnaðarverðs = innkaupaverð
 - framleiðsluverðs (sjá reikningsskilin) og
 - dagverðs = ?

Útreikningur

- Skattalög fjalla semsé ekkert um vörunotkun. Hins vegar er slíkt ákvæði að finna í reglugerð nr. 483/1994, sbr. 2. gr. reglugerðarinnar, er hljóðar SVO

ÞETTA ER VÖRUNOTKUNIN

- Til rekstrarkostnaðar telst **kostnaðarverð** vöru sem seld hefur verið á árinu og skal það ákvarðað þannig:
- Vörubirgðir í ársbyrjun að viðbættu kostnaðarverði aðkeyptrar vöru á árinu og/eða framleiðslukostnaði vöru á árinu, að frádregnum vörubirgðum í árslok
- ... og í árslok skal telja vörur á því verði sem þær eru metnar til eignarskatts. **ÞÚ HEFUR ÞVÍ VAL** öfugt við lægstaverðsregluna

Niðurfærsla vörubirgða, 5% af

Skattaleg aðgerð

- Skattalög fjalla ekki heldur neitt um bókhalds tæknina við **niðurfærsluna**. Sama gildir um bókhaldslög
- Í raun er um mismunarfærslu að ræða:
 - Fyrsta árið, sem heimildin er nýtt, **gjaldfærir** maður þannig 5% af árslokabirgðunum
 - Árið eftir er gjaldfærslan svo tekjufærð og **ný gjaldfærsla gerð** sem nemur 5% af birgðastöðunni í árslok þess árs
 - ... OG SVO KOLL AF KOLLI. **Semsé mismunarfærsla**
 - Hafi birgðirnar lækkað frá fyrra ári myndast því tekjufærsla

Vörutalning, sbr. 16. gr. BÓK

- Í lok hvers reikningsárs skal telja vörubirgðir og reikna út verðmæti þeirra
 - Á vörutalningarlistum eða í vörutalningarbókum skal koma fram (1)heiti, (2)magn og (3)**EININGARVERÐ SVO** og (4)útreiknað verðmæti hvernar einstakrar vörutegundar ásamt samtölu
- Vörutalningarlista og vörutalningarbækur skulu talningarmenn undirrita
 - Þeir sem nota **STÖÐUGT BIRGÐABÓKHALD** eru ekki skyldir að gera árslokatalningu enda er þá gert ráð fyrir skipulegum talningum og að birgðaskrár séu leiðréttar með reglubundnum hætti
- Ef birgðir eru verðlagðar á **SÖLUVERÐI** skal á skýran og aðgengilegan hátt koma fram hvernig kostnaðarverð er reiknað

Mat birgða í árslok

- Skv. skattalögum ræður maður hvort birgðir í árslok eru metnar á kostnaðarverði **eða** framleiðsluverði **eða** dagverði í árslok
 - En hvað með fyrirsjáanlegar lækkanir eftir þann tíma. Má ég t.d. nota verðlækkun, sem tekur gildi 1. febr., mars o. fl., og **ef svo er hvaða skilyrðum þarf hún að fullnægja**
- Maður er semsé **ekki** bundin af lægstaverðsreglunni eins og skv. bókhaldinu, sbr. 21. gr. bókhaldslaga:
 - **BIRGÐIR SKAL META Á KOSTNAÐARVERÐI EÐA DAGVERÐI, HVORT SEM LÆGRA REYNIST**
- Ef birgðir eru metnar við dagverði og það er verulega lægra en kostnaðarverð skal gera grein fyrir því í skýringum. Sjá einnig 16. BÓK

Kostnaðarverð - framleiðsluverð

- Kostnaðarverð birgða tekur til alls kostnaðar við kaup á birgðum eða áfallins kostnaðar við framleiðslu þeirra - **Innkaupaverð**
- Auk þess telst til kostnaðarverðs birgða allur kostnaður við að koma þeim á **NÚVERANDI STAÐ** og í það ástand sem þær eru – **berið til fróðleiks saman við skattverð skv. vsk lögum**
 - Dreifingarkostnað er hins vegar óheimilt að telja til kostnaðarverðs birgða
- Ef gerðar eru verulegar breytingar á mati eigna eða skulda frá síðasta efnahagsreikningi skal ársreikningurinn bera það greinilega með sé - **VARÚÐARSJÓNARMÍÐ**

Þetta var
um verð
matið

Dagverð í árslok

Samsetning lagersins

- Með dagverði í árslok er átt við **HEILDSÖLVERÐ** vörunnar á almennum markaði
 - Dagverð merkir því **EKKI** útsöluverð/smásöluverð það er heildsöluverð með álagningu. Ath. þýðingu þessa
- **Við sölu á sérgreindum eignum eins og bifreiðum er auðvelt að ákvarða hvaða vörur eru á lager**
- Ef hið selda er safn af sams konar eignum án nokkurrar sérgreiningar á lager er það hins vegar ógerningur
 - Dæmi: hvernig ætlar þú að ákveða **hvaða lítri** af bensíni er í olíutankinum ...

FIFO, LIFO o. fl.

- Þegar svo stendur á verðum við því að búa okkur til ákveðnar forsendur um söluna
 - **FIFO:** Fyrst keyptu vörurnar skulu teljast vera fyrst seldar. Á lager eru því umfram allt síðast innkeyptu vörurnar
 - **LIFO:** Síðast keyptu vörurnar skulu teljast vera fyrst seldar. Á lager eru því umfram allt fyrst (eldstu) innkeyptu vörurnar

Hvað gildir hér?

- Almennt skylda lög menn ekki til að nota eina aðferð umfram aðra
- Menn hafa því val. Þeir eru þó bundnir af varúðarreglu bókhaldsins
- **Efnahagsreikningurinn á að að gefa sem réttasta mynd af stöðunni**
- Segja má að sú skylda knýi menn til að nota **FIFO** aðferð

„Hvað merkja orðin glögg mynd?"



Skýrsla rannsóknarnefndarinnar í bókabúð. mbl.is/Árni Sæberg

„Hvað merkja orðin glögg mynd?" spurði Stefán Svavarsson, prófessor, þegar hann gaf skýrslu fyrir rannsóknarnefnd Alþingis í vetur. Lög og góðar reikningsskilavenjur kveða á um að ársreikningur gefi glögga mynd af rekstri fyrirtækis og þeim eignum og skuldum sem eru til staðar. Endurskoðendur árituðu milliuppgjör allra bankanna um mitt ár 2008 og staðfestu að þau gæfu glögga mynd af fjárhagsstöðu og afkomu þeirra.

„Er orðið glögg mynd sjálfstætt hugtak eða verður að spyrða það saman við eitthvert regluverk, þannig að endurskoðendur hafi almennt hugsað þetta mál þannig, þ.e. að þeir beri ekki ábyrgð á því þó að lögin og reglurnar dragi fram glögga mynd?" spurði Stefán áfram. „Ef reglurnar gera það ekki, að þá segi sko: Glögg mynd í samræmi við – og þið þekkið orðalagið – glögg mynd í samræmi við regluverkið sjálft. Og þetta þýðir að, að jafnvel þótt í einhverjum svona venjulegum skilningi þessara orða ekki birtist þarna glögg mynd, þá segja menn: Það er ekki mitt mál vegna þess að ég er að staðfesta að það var farið eftir reglunum og þetta er glögg mynd í samræmi við reglurnar sjálfar.“

Rannsóknarnefndin segir í skýrslunni, að endurskoðendur hafi ekki sinnt skyldum sínum nægilega vel við endurskoðun reikningsskila fjármálfyrirtækjanna árið 2007 og við hálfársuppgjör 2008. Einkum eigi það við um rannsókn þeirra og mat á virði útlána til stærstu viðskiptavina fyrirtækjanna, meðferð á hlutabréfaeign starfsmanna og fyrirgreiðslu fjármálfyrirtækja til kaupa á hlutabréfum í sjálfum sér. Í þessu sambandi verður að áréttá að aðstæður höfðu á þessum tíma þróast með þeim hætti að sérstakt tilefni var til þess að gefa þessum atriðum gaum.

Í skýrslu nefndarinnar er haft eftir Sigurði Jónssyni, löggiltum endurskoðanda hjá KPMG, endurskoðunarfyrirtæki Kaupþings, að þegar stjórnendur bankanna séu að gera upp og KPMG að endurskoða á miðju ári 2008 þá sé ákveðin staða uppi í samfélaginu í víðasta skilningi, bæði hérlendis og erlendis. „(Þ)að er á þeim forsendum, sem þá liggja fyrir, sem við endurskoðum og væntanlega sjórnendur eru að gera upp. Það er líka mjög mikilvægt að hafa það í huga, að okkar reglur beinlínis banna okkur – banna okkur – að taka tillit til atburða, sem ekki hafa átt sér stað, þ.e.a.s. vera í spekulatífum vangaveltum um hvað kunni að gerast síðar.“

Stefán spyr áfram: „En trúðu menn því virkilega í árslok 2007 og á miðju ári 2008 þegar menn skrifuðu undir reikningana, að þeir gæfu glögga mynd af rekstrar- og efnahag félaganna, að þeir væru að segja satt? Nema þeir hafi algjörlega orðið viðskila við það, sem var að gerast í bönkunum sjálfum, því í bönkunum sjálfum frá ársbyrjun 2007 og raunar frá árslokum 2006, þá eru menn komnir í þann anda að endurfjármagna sig og í endalausum vandræðum með það.“



Mest lesið **Í gær** Vikan

1. Jarðskjálfti í Reykjavík
2. Líkur á fleiri skjálftum
3. Annar stór skjálfti
4. Fór fram af klettum
5. Skjálftinn var nær Reykjavík
6. Jarðskjálftar við Kleifarvatn
7. Kafarar fundu högg á botninum

Fasteignir Leiga Smáar Atvinna/Rað

finnur.is Leitaðu í smáauglýsingum

BLEKHYLKI
Ódýr gæðablekhyli og tonerar í prentarann ...

Antik sófasett
Sófasett til sölu, litur ágætlega út. Verðhugmynd 70.þús. Upplýsingar í síma 862...

STERLING GASGRILL
Er að selja Sterling gasgrill, vel með ferð. Hæst að sjá

Próf til greiningar á ristilkrabbameini.
Frum með á frábær vörð

Svona er þetta gert upp

Munið að niðurfærslan er 5% af birgðum í árslok

Verð pr. einingu í árslok reiknast svo: $15/20 \cdot 175 + 5/20 \cdot 200 \cdot 20.000$

Athugið svo hvernig brúttótekjurnar breytast ef þið lækkið einingaverðið í árslok úr 181 í 175 eða hækkið það úr 181 í 200

| Sala | Magn | Kr. | Alls |
|---------------------|--------------------------|-----|------------|
| Tekjur | 35.000 | 290 | 10.150.000 |
| Kaup | | | |
| Birgðir í ársbyrjun | 15.000 | 130 | 1.950.000 |
| Innkaup 1 | 20.000 | 150 | 3.000.000 |
| Innkaup 2 | 15.000 | 175 | 2.625.000 |
| Innkaup 3 | 5.000 | 200 | 1.000.000 |
| Birgðir í árslok | Birgðir í ársl 20.000 | 181 | 3.625.000 |
| Vörunotkun | 15.000 + 5.000 | | 4.950.000 |
| Brúttótekjur | | | 5.200.000 |

Launakostnaður o. fl.

Rekstur í gangi

- Laun starfsmanna eru yfirleitt stærsti einstaki kostnaðarliðurinn í atvinnurekstri
- Um frádrátt þeirra fer hins vegar eftir því við hvað menn starfa. Þannig eru laun manna sem vinna við yfirstjórn/þjónustu almennt frádráttarbær strax
- Laun manna sem starfa við framleiðslu, þar með talið hvers konar framkvæmdir (verk í vinnslu) ber hins vegar að eignfæra í framleiðsluverðinu/byggingarkostnaðinum
 - Gjaldfærsla slíkra launa bíður því þar til umræddar eignir hafa verið seldar (afhentar) – **Spurning um tímafærslu**
 - **Ávallt ber þó að gjaldfæra laun stjórnenda og þeirra sem vinna við almenn þjónustu störf innan fyrirtækis**

Hugtakið laun

- ✓ Til launa teljast hvers konar endurgjald fyrir vinnu þar með talið - **iðgjald í lífeyrissjóð (mótframlag) og launatengd gjöld svo sem tryggingagjald svo og**
 - ýmis starfstengdur kostnaður svo sem námskeiðskostnaður, félagsgjöld, kaffi og veitingar o. fl. Einnig
 - ... útgjöld til að efla **STARFSMANNA ANDANN** svo sem árs hátíðarkostnaður, jólaglögg og vorferð með ákveðnum skilyrðum ... (Munið 140.000 kr. markið). **FRÁDRÁTTURINN einskorðast**
- **auk þess við starfsmenn, það er launþega. Eigandi þar með talið skyldulið hans á því ekki frádráttarrétt vegna ...**
 - **Ekki víst!**
- ✓ Frá tekjum má enn fremur draga kaup á slysatryggingu vegna starfsmanna, þar með talið eigenda
 - **Gagnstætt líftryggingu sem telst einkakostnaður**

Mótframlag, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. TSL

- **Starfsmenn**

- þar á meðal iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda starfsmanna í lífeyrissjóði sem starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða

- **Eigandi**

- Skv. dómaframkvæmd. Fékkst loks viðurkennt 1995 – byggist á jafnréttissjónarmiðum

Dómur fimmtudaginn 19. desember 1996 í málinu nr. 432/1995: íslenska ríkið gegn Helga G. Þórðarsyni

- Samkvæmt framansögðu er það meginregla í skattarétti, að öll gjöld, sem fara í að afla tekna, tryggja þær og halda þeim við, komi til frádráttar frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. **Allar undantekningar frá þeirri reglu verða að vera skýrar og ótvíræðar**
- Í lögnum er að þessu leyti enginn munur gerður á fyrirtækjum eftir rekstrarformi þeirra. Þá ber hér að hafa í huga, að stefnda var skylt að greiða iðgjöld í lífeyrissjóð af tekjum sínum og teljast slík skylduframlög atvinnurekanda til rekstrarkostnaðar
- Er fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms að atvinnurekanda framlag stefnda í eigin lífeyrissjóð falli undir rekstrarkostnað, sem heimilt sé að gjaldfæra

Úrskurður nr. 2/2009

Gjaldár 2007 – **Gildir ekki um mótframlagið**

- Í máli þessu reyndi á lagaskilyrði fyrir frádrætti lífeyrissjóðsiðgjalda þess efnis að iðgjöld væru **greidd reglulega**. Yfirskattanefnd gerði grein fyrir aðdraganda að lögfestingu þessa skilyrðis og taldi ekki unnt að fara strangar í sakirnar við túlkun á því en svo **að gera þá lágmarkskröfu að staðin væru reglubundin skil á greiðslum lífeyrисиðgjalda fyrir hvert tekjuár er lokið væri í síðasta lagi fyrir lok framtalsfrests vegna viðkomandi árs**
- Kröfu kæranda um frádrátt lífeyrисиðgjalda vegna tekjuársins 2006 sem hann innti af hendi hinn 6. júlí 2007, þ.e. að liðnum framtalsfresti vegna viðkomandi tekjuárs, var því hafnað. Þá var þrautavarakröfu kæranda, sem laut að því að hin umdeildu lífeyrисиðgjöld yrðu færð til gjalda í atvinnurekstri kæranda sem mótframlag atvinnurekanda, hafnað, enda þótti ekkert haldbært komið fram sem gæfi tilefni til að víkja frá skiptingu iðgjalds milli launamanns og launagreiðanda samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum viðkomandi lífeyrissjóðs

Reglugerð nr. 483/1994

- Um frádrátt launa o. fl. eru ítarleg ákvæði í 3. gr. reglugerðar nr. 483/1994. Í því sambandi vil ég sérstaklega vekja athygli ykkar á
 6. Til rekstrarkostnaðar telst **kostnaður við árshátíð, jólagleði og sambærilegar samkomur svo og starfsmannaferðir, enda séu samkomur þessar og ferðir fyrir starfsfólk almennt og kostnaður hæfilegur miðað við einstök tilefni og heildstætt á rekstrarárinu**
 7. Til rekstrarkostnaðar telst **kostnaður við almenna fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu og almenna heilsubótaraðstöðu, kostnaður við kaffiveitingar í vinnutíma og kostnaður við námskeið sem tengjast starfinu beint**
 8. Til rekstrarkostnaðar teljast enn fremur **framlög til starfsmannafélaga** vegna þeirra liða er greinir í 6. og 7. mgr. þessarar greinar

Skoðið
skattmatið
Styrkir til
heilsubóta
60.000.

SKATTMAT 2021

- Ýmis starfstengd hlunnindi -

- Ekki skal telja til tekna hlunnindi og fríðindi sem felast í 1) árshátíð starfsmanna, 2) starfsmannaferðum, 3) jólagleði og sambærilegum samkomum og viðburðum, enda sé að jafnaði um að ræða viðburði sem standi **öllum starfsmönnum** launagreiðandans til boða og árlegur kostnaður af þeim nemi ekki hærri fjárhæð en 140.000 kr. á hvern starfsmann
- Hlunnindi og fríðindi af umræddum toga umfram **140.000** kr. skulu teljast starfsmanni til tekna, hvernig sem fyrirkomulagi á greiðslum launagreiðanda er háttað. Sömu reglur gilda um framlög launagreiðanda til starfsmannafélaga sem nýtt eru til greiðslu á sams konar kostnaði og að framan greinir

Hvað merkir ...

- „almenn fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónusta“
 - Dæmi þessa er t.d. kostnaður vegna trúnaðar-læknis, almennt heilsueftirlit, inflúensuspauptan o. fl.
 - Heilsustyrkir starfsmanna. Athugið skattmatið ...
- „almenn heilsubótaraðstaða“
 - Hér er umfram allt átt við aðstöðu sem atvinnurekandi kemur upp á **starfsstöð sinni**
 - standsetning á sal eða herbergi, kaup á áhöldum
 - Frá tekjum er því **ekki** unnt að draga leigu á íþróttasal fyrir starfsmenn til iðkunar ...

Heilsustyrkur 2021

hvað með frádráttinn?

- Ekki skal telja til tekna starfsmanns greiðslu frá launa greiðanda, eða eftir atvikum stéttarfélagi, sem ætlað er að standa straum af kostnaði við íþróttaiðkun að því marki sem slík greiðsla fer ekki yfir 60.000 kr. á ári
- **Skilyrði er að starfsmaður leggi fram fullgilda og óvefengjanlega reikninga fyrir greiðslu á viðkomandi kostnað**
- Með kostnaði við íþróttaiðkun er átt við greiðslu á aðgangi að líkamsræktarstöðvum, sundlaugum og skíðasvæðum, greiðslu á æfingagjöldum í íþróttasali og félagsgjöldum í golfklúbba

YSÚ 1034/1997

- Í málinu var fjallað um gjaldfærðan kaffi kostnað og hlífðarfatakostnað í skattskilum kæranda, sem hafði með höndum útgerð fiskibáts
- Gjaldfærslu kaffikostnaðar var hafnað með því að hann væri vegna eigenda og skylduliðs þeirra
- Þá var synjað um gjaldfærslu vegna kaupa á gúmmíhönskum, sjóbuxum, sjóblússum og stígvélum

YSÚ 939/1998

- Fallist á að kæranda væri heimilt að færa til gjalda í rekstrarreikningi **álag á vangreidda staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi sem honum var gert að sæta, m.a. með hliðsjón af sjónarmiðum í H 1996:4248**

Má ég gjaldfæra hlunnindi?

- A hefur endurgjaldslaus afnot af bifreið atvinnurekanda síns
- Reiknaðar launatekjur A vegna þessa nema 780.000 kr. á ári
- Getur launagreiðandi A dregið þessi (reiknuðu) laun frá tekjum?
- Nei – hins vegar ber að taka tillit til þeirra við ákv. tryggingagjalds

Námskeið gagnstætt námi

- Draga má frá tekjum „**kostnað við námskeið sem tengjast starfinu beint**“
- Með námskeiði er umfram allt átt við endurmentun og símenntun. Skv. því eru þetta yfirleitt stutt námskeið
- Námskeið greina sig frá menntun að því leiti að þar eru almennt ekki tekin nein próf. Seta á námskeiðinu veitir heldur ekki nein sérstök réttindi
- Með menntun eru menn hins vegar að búa til eign sem nátengd er persónu hlutaðeigandi. **Kostnaðurinn við hana er því ekki frádráttarbær**

„BEINT TENGIST“

- Hvað starfseminna varðar má kannski flokka námskeið í - **almenn námskeið og sérstök námskeið**
- Ekki er ástæða til að efast um að **almennt enskunámskeið** hjá Mími gagnist flestum. En af hverju á ríkið að greiða niður kostnaðinn af því með því að heimila frádrátt námskeiðsins frá tekjum í atvinnurekstri hjá mönnum
- Öðru máli gegnir hins vegar um námskeið í viðskipta ensku ekki síst vegna þess að hestu viðskiptamenn fyrirtækisins eru Englendingar

YSÚ 156/2003

- Fallist var á kröfu kæranda, sem hafði löggildingu sem ökukennari, um gjald færslu kostnaðar **vegna skyndihjálpar námskeiðs í rekstrarreikningi** vegna ökukennslu, enda var talið að umrætt námskeið varðaði viðhald starfsréttinda kæranda sem ökukennara

Öflun starfsréttinda

Hvað af þessu er frádráttarbært?

1. A, er starfar sem fjárhagsráðgjafi, hyggst fara á námskeið í verðbréfamiðlun í haust
2. B, sem var að ljúka lögfræðiprófi, ráðgerir að fara á námskeið til að öðlast málflutningsréttindi í vor
3. C ætlar að taka meiraprófið svo að hann geti stofnað og rekið sitt eigið rútufyrirtæki
4. D langar að fara á námskeið til að öðlast stýrimannsréttindi svo að hann geti gert út bát sinn á strandveiðum næsta sumar

Atvinnurekstrarleyfi

- Kostnaður vegna leyfis til að starfa sem
 - verðbréfasali
 - héraðsdómslögmaður
 - ökumaður með meirapróf
 - stýrimaður á bátum undir 12 brúttórúmllestum
- skv. lögum um aukatekjur ríkissjóðs
- **Má draga frá tekjum sem stofnkostnað, sbr. a-lið 2. mgr. 32. gr. TSL**

Félagsgjald

- Hér á landi eru starfandi margvísleg félög. Flest þessara félaga vinna að mannúðarmálum og líknarstarfsemi, heilsueflingu hvers konar, þar með talið íþróttaiðkun og ýmis konar fræðslu
 - Hér til telst trúarfræðsla o. fl.
- Tilgangur þessara félaga er því umfram allt að fullnægja persónulegum þörfum manna fyrir að láta gott af sér leiða ...
- Kostnaður vegna aðildar að þeim telst því einkakostnaður félagsmanna en af því leiðir að óheimilt er að draga hann frá tekjum

Atvinnurekendafélög

- Félagsgjöld til atvinnurekendafélaga hafa þó lengi verið frádráttarbær
 - Dæmi þessa er félagsgjald í SA, SI og meistarafélög iðnaðarmanna
- **Sama gildir um félagsgjald til félaga sem mönnum er skylt að vera í svo sem LMFÍ**
- **En hvað með félagsgjald í FLE, FBO, FVB**

Matur ...

yfirvinna, viðskiptaferðir

- Kaup á fæði til neyslu handa atvinnurekanda telst einkakostnaður hans. Óheimilt er því að draga kaupin frá tekjum
- Frá þessu má þó víkja þegar um er að ræða viðskiptaferðir á vegum starfseminnar
- Fæðiskostnaður vegna starfsmanna er hins vegar frádráttarbær svo fremi að hann sé talinn til tekna hjá þeim sem hlunnindi - ATH. DAGPENINGAREGLUR
- Ekki er heldur venja að lækka risnukostnað vegna þátttöku atvinnurekanda/eiganda fyrirtækis þótt strangt tekið sé um að ræða einkakostnað hans

... og kaffi

- Til tekna hjá starfsmönnum skal **ekki** telja almennar kaffiveitingar á starfsstað
- Einnig má draga kostnaðinn frá tekjum sem rekstrarkostnað
- Sama gildir um kaffi og meðlæti sem viðskiptamönnum fyrirtækis er veitt enda sé kostnaðurinn hóflegur miðað við umfang starfseminnar

Viðskiptaferðir

Hvorki orlof né skemmtiferð

- Í rekstri má gjaldfæra kostnað vegna viðskiptaferða. Aðeins sá kostnaður er **beint** tengist rekstrinum er þó frádráttarbær
 - Hér til telst kostnaður vegna söluferðar, innkaupaferðar, ferðar vegna fundar með viðskiptamanni
- **Kostnaður vegna ferða er eingöngu hafa þann tilgang að afla almennra upplýsinga er því óheimilt að draga frá tekjum**
 - Ferð arkitekts til Flórida til að kynna sér byggingu gólfvalla vegna hugsanlegra verkefna í framtíðinni er því ekki frádráttarbær

Makar og börn

- Algengt er að maki og eða börn fari í ferð með atvinnurekanda
- Heildarkostnaðurinn við ferðina er svo dreginn frá tekjum
- Uppgötvist það er kostnaður maka og barna yfirleitt felldur niður
- Þetta gildir fortakslaust nema hlutaðeigandi aðili sé starfsmaður fyrirtækisins

YSÚ 1204/1998

maki í för - hlutverk

- Deilt var um rétt kæranda til frádráttar samkvæmt reglum um dagpeninga vegna ferða hennar ásamt maka til Portúgal á vegum einkahlutafélags nokkurs í tengslum við smíði þarlendis aðila á skipi fyrir félagið
- Yfirsattanefnd taldi að frádráttur samkvæmt dagpeningareglum kæmi ekki til greina í tilviki kæranda þar **sem ekki yrði séð að dvöl hennar í Portúgal hefði haft neina sérstaka þýðingu í sambandi við eftirlit með skipasmíðinni**
- Þá var ekki fallist á með kæranda að ríkisskattstjóri hefði með aðgerðum sínum í máli hennar farið út fyrir verkahring skatteftirlits þannig að í raun hefði verið um skattrannsókn að tefla. Var í því sambandi vísað til þess að málið varðaði einkum það álitaefni hvort frádráttur væri heimill í skattskilum kæranda á móti greiðslum frá einkahlutafélaginu sem tilgreindar hefðu verið sem dagpeningar í bókhaldi félagsins
- Var kröfum kæranda hafnað, þ. á m. kröfu hennar um niðurfellingu álags

Vinnuföt

eigenda og starfsmanna

- Á fatakaup er litið sem einkakostnað eigenda/starfsmanna. Þetta er almenn regla sem gildir fortakslaust óháð notkun fatanna
- Kaup á öryggis- og hlífðarfötum eru hins vegar frádráttabær. **Ath. að regngalli og samfestingur telst ekki hlífðarföt í þessu sambandi**
- Þá má draga frá tekjum kaup á fyrirtækjabúningum, sem mönnum er skylt að nota í vinnunni, enda teljast þeir eign vinnuveitanda
- Hreinsun á fötum telst yfirleitt einkakostnaður. Hins vegar má draga frá tekjum endurgreiðslu á einkamunum atvinnurekanda sem skemmast í rekstrinum – **Frádráttur er þó háður ríkum sönnunarkröfum**

YSÚ 217/1997

- Í málinu var deilt um fatakostnað, kostnað vegna árshátíðar og jólagjafa, kaffi- og matarkostnað og bifreiðakostnað til frádráttar í skattskilum kæranda (hlutafélag sem hafði með höndum löndunarþjónustu)
- Yfirsóttanefnd féllst á gjaldfærslu **flotvinnusamfestings**, enda væri hann í eigu félagsins sjálfs og ætlaður til notkunar við tiltekið starf, án tillits til þess hver innti það af hendi í hvert skipti. Kærandi þótti ekki hafa gert þá grein fyrir notkun **fóðraðra stígvéla og loðfóðraðra samfestinga** að fallast mætti á gjaldfærslu þeirra
- **Fallist var á frádrátt kostnaðar vegna árshátíðar og jólagjafa til starfsfólks.** Síðarnefndur liður var áætlaður til frádráttar miðað við fjölda starfsmanna og með hliðsjón af verðmæti tækifærisgjafa almennt
- Þá var áætlun skattstjóra á frádráttarbærum kostnaði vegna kaffiveitinga á vinnustað staðfest. Talið var að skattstjóri hefði ekki rökstutt nægilega niðurstöðu sína um lækkun bifreiðakostnaðar. Sá þáttur í úrskurði skattstjóra var því felldur úr gildi

YSÚ 372/1997

- Í málinu var fjallað um gjaldfærslu kostnaðar sjálfstætt starfandi manns vegna kaupa á vinnufatnaði (hlífðarfötum) til eigin nota. Í úrskurði yfirskattanefndar var gerð almenn grein fyrir sjónarmiðum sem talið var að leggja bæri til grundvallar við úrlausn um slík ágreiningsefni
- Í tilviki kæranda, sem var sjálfstætt starfandi læknir, var fallist á að útgjöld vegna **hlífðarsloppa** teldust til rekstrar kostnaðar. Hins vegar var kærandi ekki talinn hafa sýnt fram á frádráttarbærni kostnaðar vegna kaupa á **klossum**
- Þá var kærandi ekki talinn hafa sýnt fram á að félagsgjöld til Læknafélags Íslands **stæðu í þeim tengslum** við sjálfstæða starfsemi hans eða væru honum **nauðsynleg** við tekju öflunina á þann hátt að þau gætu talist frádráttarbær rekstrarkostnaður

Bækur og tímarit

- Frá tekjum má draga bækur og tímarit sem **beint** tengjast atvinnurekstrinum
 - Hér til teljast sérfræðirit hvers konar og fagtímarit
- **Kaup á bókum um almennt efni er hins vegar ekki frádráttarbær**
- Sama gildir um dagblöð og hvers konar afpreyingingar tímarit svo og hljómplötur
 - **Þetta er almenna reglan**

Frádráttur vegna dagblaða og annars afþreyingarefnis

Er Mogginn frádráttarbær?

Sjá Skatt á fyrirtæki

„HANN ER SVO INNILEGA FÁFRÓÐUR MAÐURINN“

„Hann er svo innilega fáfróður maðurinn,“ sagði Sveinn Andri Sveinsson, hæstaréttarlögmaður, í samtali við DV.is um ummæli Óskars Magnússonar, útgefanda Morgunblaðsins í Kastljósinu í kvöld. Sigmar Guðmundsson, Kastljósmaður, sagði við Óskar í Kastljósþætti kvöldsins að fjölmiðlar hefðu greint frá því að margir áskrifendur hefðu sagt upp áskriftinni við Morgunblaðið í dag eftir að Davíð Oddsson var ráðinn einn af ritstjórum blaðsins.

Óskar nefndi þá að Sveinn Andri hefði sagt upp áskriftinni út af því að ráða átti Davíð sem ritstjóra en Óskar sagði það engu máli skipta því Sveinn Andri væri ekki áskrifandi að Morgunblaðinu. „Það er því gífurlegur missir af honum,“ sagði Óskar Magnússon í Kastljósinu í kvöld.

Í samtali við DV.is sagði Sveinn Andri Óskar vera mjög illa upplýstan því félag sem Sveinn Andri á er áskrifandi að blaðinu. „Ég hef verið það í mörg ár. Ef þetta er fréttamennska hjá blaðinu þá er hún ekki upp á marga fiska,“ sagði Sveinn Andri.



Sveinn Andri Sveinsson.

Fimmtudagur 24. september 2009 kl 20:01

Höfundur: Ritstjórn DV (ritstjorn@dv.is)

- Sbr. YSÚ 19/2002. Kaup tannlæknastofu á DV og Morgunblaðinu talin persónulegur kostnaður tannlæknisins. Var því óheimilt að draga kostnaðinn frá tekjum, og gilti einu, þótt um tilfallandi not í rekstri kynni að vera að ræða vegna afnota sjúklinga á biðstofu hans
- Þessi sjónarmið eru áréttuð í YSÚ 10/2002, en þar átti í hlut ástsæll leikari, sem var með vikulegan þátt í sjónvarpi
- Sjá einnig YSÚ 36/1998. Úrskurðað að áskrift að dagblöðum og tímaritum teldist einkakostnaður
- Sjá loks YSÚ 128/1992. Áskrift að Stöð 2 ekki frádráttarbær rekstrarkostnaður hjá leikara

Fimm einkennilegustu frádráttarliðirnir í USA

De fem særeste skattefradrag

Af [HENRIK HINDBY KOSZYCZAREK](#)
Offentliggjort 30.03.09 kl. 10:44

Brystimplantater giver skattefradrag, hvis man er stripper. Men det er ikke det eneste usædvanlige fradrag i USA.




Foto: Colourbox.

Relaterede artikler

- [Skattefolk på strip-bar](#)
- [Forældre køb er blevet mere attraktive](#)
- [Banker æder rentegevinst](#)

[Se alle >>](#)

Det juridiske konsulentfirma Legalzoom.com har lavet en liste over de mest sære skattefradrag, der er blevet godkendt af de amerikanske skattemyndigheder. Det skriver business.dk.

Brystimplantater gav fradrag

En af sagerne omhandler stripperen Cynthia Hess, der sagsøgte de amerikanske skattemyndigheder for at få anerkendt et fradrag på 2.088 dollars, 11.801 kr., for brystimplantater. Hun vandt sagen, da hendes nye bryster blev brugt i forbindelse med hendes job, og brysterne blev ifølge dommen kategoriseret som "sceneudstyr".

Strudsefarm blev anerkendt

Det er muligt at afskrive inventar på arbejdspladsen, og ifølge en afgørelse også dyr. En strudsefarmer fik lov til at afskrive de strudse, han brugte til avl. Og afgørelsen understreger, at den ikke kun anerkender strudse, men alle slags dyr, der avles.

Proteindrik nægtet, men kropsolie accepteret

En professionel amerikansk bodybuilder mente, han var berettiget til fradrag for specialkost som fedtfattigt kød og proteindrikke. Det blev dog afvist af skattemyndighederne, men til gengæld fik han lov til at få fradrag for udgifter til indkøb af "ProTan Muscle Juice Professional Posing Oil" – olie han smører på kroppen inden sine optrædener

Skrotforretning køber kattermad

En skrotforretning havde held med at få anerkendt et fradrag på 300 dollars, 1.694 kr., til kattermad. Og hvilken sammenhæng har en skrotforretning så med katte? Den vil ganske enkelt lokke vilde katte til skrotpladsen for at begrænse mængden af mus, slanger og rotter i området.

Klarinetundervisning retter sønnens overbid

Et forældrepar fik anerkendt et fradrag for deres søns klarinetundervisning. De hævdede, at fradraget var en lægelig udgift, da undervisningen var med til at korrigere sønnens overbid.

Tv: [Sådan får du flere penge](#)



LLC

Incorporation

Trademark

Last Will & Testament

Get Help From an Attorney

Business Services

Personal Services

Trademarks & IP

Wills & Trusts

View all Products & Services

U.S. Legal Help for Businesses and Families in Iceland

We've helped over 2 million people get the help they need



THE HUFFINGTON POST

Get top quality legal documents without paying top dollar.

Forbes

One of the 10 best digital tools for entrepreneurs in 2012.

THE WALL STREET JOURNAL.

BEST FEATURE: Fast customer service response.

LLC? C Corp.? S Corp.?

Confused about your options? Answer a few simple questions and find out which one may be right for you.



Help Me Decide

Quality You Can Trust

Over the past 12 years, over 2 million businesses and families have used LegalZoom for their Wills, Trademarks, LLCs and more.

With LegalZoom, your satisfaction is 100% guaranteed.



Have Legal Questions?

Get help from a legal plan attorney when you need it. No expensive hourly fees. No surprise pricing.

Learn More



Borgaði 13 milljónir fyrir nudd og snyrtingu



Britney Spears þénaði mikið síðasta ár en eyddi líka miklu. mbl.is/AFP



Árið 2016 var ekki ódýrt fyrir popprinsessuna Britney Spears en hún eyddi rétt rúmum milljarði íslenskra króna á síðasta ári eða tæpum 11 milljónum dala. Hún er þó ekki á kúpunni þar sem hún græddi hátt 16 milljónir dala.

Samkvæmt TMZ var stærsti útgjaldaliður söngkonunnar nudd, snyrting og neglur eða rúmlega 122.000 dollarar eða rúmar 13 milljónir íslenskra króna. Hún eyddi síðan hátt í 70.000 dollurum í föt eða hátt í sjö og hálfri milljón íslenskra króna. Hár og förðun kostaði hana síðan hátt í 25.000 dollara eða rúmar tvær og hálf milljón íslenskra króna.

R i s n a?

dæmigerður einkakostnaður

- Risna er kostnaður sem efnt er til í þeim tilgangi að stofna, halda við og tryggja tekjur
- Sem slíkur er kostnaðurinn því frádráttarbær. Vegna nálægðar kostnaðarins við hefðbundin einkaútgjöld manna eru hins vegar ríkar kröfur gerðar til frádráttarbærninnar
- Atvinnurekandi verður þess vegna að geta gert fullnægjandi grein fyrir risnutilefninu, byggjendum kostnaðarins o. fl.

Risna, nánar um tilvikin?

- Atvinnurekandi býður viðskiptamanni út að borða
 - Kostnaður vegna þessa felst í kaupum á mat og vínföngum svo og ýmis konar smágjöfum
- **Atvinnurekandi kaupir vín til að geta veitt viðskiptamönnum á starfsstöð sinni við sérstök tækifæri í atvinnurekstri sínum**
- Atvinnurekandi kaupir gjafir til að gleðja viðskiptamenn sína. Sem dæmi má nefna lax í gjafa pakkningum ...

§ 6-21. *Representasjon*

Norsku skattalögin

- Fradrag gis **ikke** for kostnad ved representasjon. Departementet kan gi forskrift til utfylling og gjennomføring av denne paragraf, herunder om hvordan kostnad ved representasjon skal avgrenses i forhold til kostnad som kan føres til fradrag i inntekt

d-liður 6. gr. rg. nr. 483/1994:

Frá tekjum má draga ...

- Risnu vegna atvinnurekstrar, þ.e. þann kostnað sem lagt er í: til að ljúka viðskiptum, afla nýrra viðskipta-sambanda eða halda þeim við, enda sé kostnaður eðlilegur miðað við tilefnið
- Frádráttarbær risna þarf að beinast að aðilum sem ekki starfa við fyrirtækið eða tengjast því með öðrum hætti, svo sem stjórnarmenn eða hluthafar
- Til staðfestingar risnukostnaði þurfa upplýsingar m.a. um tilefni risnu, hverjir nutu hennar og tengsl þeirra við fyrirtækið **að liggja** fyrir með aðgengilegum hætti

Ýmis persónuleg útgjöld

Öll þessi gjöld eru nauðsynlegt svo að viðkomandi geti

- Kona, einyrki, þarf að greiða fyrir pössun barna sinna
- Þula í sjónvarpi verður að fara í hárgreiðslu
- Atvinnupíanisti þarf að eiga smóking
- Listdansari verður að fara í sjúkráþjálfun vegna vöðvaverkja
- Leikari þarf að ræða við sálfræðing vegna erfiðs hlutverks

Leigukostnaður

Rekstur í gangi

- Leiga atvinnuhúsnæðis er frádráttarbær frá tekjum. Sama gildir um leigu á áhöldum og tækjum
- Eignarleigusamningar – **hvenær er um kaup og eða leigu að ræða**
 - **Fjármögnunarleiga.** Eignarrétturinn helst hjá leigusala. Afgjaldið er því frádráttarbær leigukostnaður
 - **Rekstrarleiga.** Eignarrétturinn helst hjá leigusala. Afgjaldið er því frádráttarbær leigukostnaður
 - **Kaupleiga.** Leigutaki öðlast **EIGNARRÉTT** yfir eign. Kaupleigumuni ber því að eignfæra og fyrna. Sama gildir um eignir sem keyptar eru með eignarréttarfyrrvara

Eignakaupa
vextir

Fjármagnsgjöld

sjá 1. tölul. 49. gr. TSL

Tekjukaupa
vextir

- Frá tekjum af atvinnurekstri má draga, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. TSL: Rekstrarkostnað þ.e. þau gjöld sem á árinu ... þar á meðal
- „... vexti af skuldum (föstum og lausum), afföll, gengis-
töp ...“
- Frá tekjum má aðeins draga þau gjöld er tengjast tekjunum. Eignakostnaður er því **ekki** frádráttarbær
- Þessi sundurgreining gildir ekki um fjármagnsgjöld. Slíkan kostnað má því draga frá tekjum **hvort sem hann gengur til að afla tekna eða eigna. Ath. Sunda garðsmálið → TENGLSAKRAFAN** (ekki gleyma)

Álag

Refsikennt viðurlag. Lýtur samt sömu reglum og dráttarvexti í skattskilum

- Álag skv. 108. gr. TSL. Síðbúin framtalsskil. Vantalning (annmarkar) tekjuskattsstofns
- Álag skv. 28. gr. STG. Vanskil á staðgreiðslu.
**Álitamál með reiknað endurgjald. Ath.
úrskurð hér að framan**
- Álag skv. 27. gr. VSL. Vanskil á vsk.

Notkun **eigin eigna** í atvinnurekstri

- **Einstaklingsrekstur**

- **Heimaskrifstofa.** Gjaldfæra má rekstrarkostnað að tiltölu
- **Einkabifreið.** Gjaldfæra má rekstrarkostnað að tiltölu
 - Fyrirtæki manns getur almennt **ekki átt** fólksbifreið
- **Aðrar eignir.** Gjaldfæra má rekstrarkostnað að tiltölu

- **Félagarekstur (lögaðilar)**

- **Heimaskrifstofa. Leiga varasömu.** Betra að gjaldfæra rekstrarkostnað að tiltölu
- **Einkabifreið.** Frá tekjum má draga heildarrekstrarkostnað
 - Ath. Fyrirtæki **getur almennt átt** fólksbifreið
- **Aðrar eignir.** Leiga kannski ekki eins varasömu og þegar íbúðir eiga í hlut

Skattar og gjöld

- Tryggingagjald er frádráttarbært frá tekjum. Frá tekjum má hins vegar ekki draga tekjuskatt. Sama gilti um eignarskatt meðan hann var og hét
 - Ath. erlendan/a tekjuskatt/a
- Innflutningsgjöld (Tollur og aðflutningsgjald) telst hins vegar til stofnverðs eignar. Sjá vsk lög
- Í þeim tilvikum sem draga má innskatt frá útskatti núllast hann út. Í öðrum tilvikum kann vsk að vera frádráttarbær
- Fasteignagjald er frádráttarbært og helgast það af því að litið er á það sem þjónustugjald í framkvæmd
 - Sama gildir um vatns- og holræsagjald svo og sorphirðugjald
- Þungaskattur og bifreiðagjald telst til rekstrarkostnaðar bifreiða og má því draga frá tekjum á hefðbundinn hátt

Útvarpsgjald

- Allir menn og lögaðilar eru skyldir að greiða 17.900 kr. útvarpsgjald frá 1. jan. 2020
 - Var 17.500 kr. í fyrra
- Greiðslan er óháð því hvort greiðandi á útvarp/sjónvarp. Strangt tiltekið er því ekki verið að greiða fyrir þjónustu/upplýsingar og fyrst svo er: **Má ekki draga útvarpsgjaldið frá tekjum í atvinnurekstri**
- Nei, sjá ákvarðandi bréf RSK dags. 26. ágúst 2010, merkt T-Ákv. 10-007

- Að gefnu tilefni vill ríkisskattstjóri benda á að útvarpsgjald sem einstaklingum og lögaðilum er gert að greiða samkvæmt 11. gr. laga nr. 6/ 2007, um Ríkisútvarpið ohf., **telst ekki vera frádráttarbær rekstrarkostnaður í skilningi 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, enda ekki ætlað til að afla rekstrartekna, tryggja þær eða halda þeim við**
- Almennt gildir að álagðir skattar samkvæmt lögum nr. 90/2003 og gjöld álögð samkvæmt sérstökum lögum þar um teljast ekki frádráttarbær rekstrarkostnaður. Er gjaldfærsla því óheimil **nema sérstaklega sé kveðið svo á um í viðkomandi lögum**. Þannig er t.d. sérstaklega tekið fram í lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, og í lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, að álagt gjald samkvæmt lögnum teljist til rekstrarkostnaðar
- Ekkert sambærilegt ákvæði er í lögum nr. 6/2007 sem álagning útvarpsgjalds er byggð á né er þess getið í lögum nr. 90/2003 að útvarpsgjald sé frádráttarbært frá tekjum
- Útvarpsgjald er skattur sem lagður er á óháð notkun útvarps og sjónvarps og er því ekki afnotagjald. Gjaldið rennur í ríkissjóð og er því t.d. ekki með öllu sambærilegt við sum önnur gjöld sem álögð eru og renna t.d. til félagasamtaka sem starfa í þágu viðkomandi starfsgreina
- Samkvæmt þessu telur ríkisskattstjóri að ekki sé heimilt að færa útvarpsgjald til frádráttar á móti rekstrartekjum

Ýmis kostnaður

- Framtalsaðstoð → snertir eignina
 - Bókhald og endurskoðun
 - Rekstrarráðgjöf
- Vörn í skattarefsimáli → varðar eigandann
- Lögfræðikostnaður
 - Innheimta útistandandi skulda/krafna
 - Tengist tekjunum og er því frádráttarbær
 - Lögfræðipjónusta vegna vangreiddra krafna
 - Tengist eignunum og má því ekki gjaldfæra

Lok rekstrar

- Þegar rekstri er hætt leggst tekjuöflunin af. Kostnaður sem efnt er til eftir það tímamark er því ekki frádráttarbær frá tekjum
- Sama gildir um kostnað vegna uppgjörs á hreinni eign fyrirtækisins. Almennt skortir hann nægilega beint eða náíð samband við tekjurnar til að vera frádráttarbær
 - Hér til telst afskráningargjöld, auglýsing innköllunar, rekstur skilaneftndar, skiptagerð svo dæmi sé tekið
- Þar með er ekki sagt að ekki sé unnt að draga kostnaðinn frá hagnaði af sölu eigna við uppgjör úthlutunar

Útskattur

- Vskur
- Úttekt eigna á markaðsverði. Hagnaður ef til vill með vski

Eignakostnaður

- Frá tekjum má **aðeins** draga þau gjöld sem **eytt** er við öflun tekna. Standi eitthvað eftir af kostnaðinum í árslok ber því að eignfæra hann sem
– **EIGNAKOSTNAÐ**
- Gjaldfærsla kostnaðarins í framtíðinni ræðst svo af því hvort um er ræða vörur eða varanlega rekstrarfjármuni, sem nota á til öflunar tekna á fleiri en einu ár, sbr. 31., 32. gr. og 33. gr. TSL eða annars konar eignir (ekki fyrnanlegar eignir)
- **Almennt er því óheimilt að draga eignakostnað frá tekjum nema það sé sérstaklega heimilt skv. lögum um tekjuskatt**
- **Sögurlegar ástæður ... tréið og ávextirnir**

Frádráttarbær eignakostnaður

1. Tryggingar og viðhald arðberandi eigna, sbr. 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. TSL in fine
2. Niðurfærsla vörubirgða, sbr. 4. tölul. 31. gr. TSL. Gjald færsla gallaðra og óseljanlegra vara
3. Niðurfærsla útistandandi krafna, sbr. 3. tölul. 31. gr. TSL
4. Tap á útistandandi viðskiptakröfum, lánnum og ábyrgðum, sbr. 3. tölul. 31. gr. TSL
5. Tap á hlutabréfum, sbr. 5. tölul. 31. gr. TSL
6. Niðurfærsla stofnkostnaðar, sbr. 32. gr. TSL
7. Venjuleg fyrning, sbr. 33. gr., sbr. 37. gr. TSL
8. Skrap eða hrak fyrning, sbr. 35. gr. TSL
9. Eftirstöðvar rekstrartapa, sbr. 8. tölul. 31. gr. TSL

Trygging og viðhald arðberandi eigna

Trygging málverks er því ekki frádráttarbær rekstrarkostnaður

- Frá tekjum í atvinnurekstri má draga: Rekstrarkostnað þe. gjöld sem eiga á árinu ganga til að afla teknanna ...
- „... og það sem varið er til **tryggingar og viðhalds** á eignum þeim **SEM ARÐ BERA Í REKSTRINUM.**“
- **Hvað er arðberandi eign?** Eign sem leigð er út eða notuð við öflun tekna → varanlegir rekstrarfjármunir
- Sem dæmi um kostnað sem varið er til tryggingar á eign má nefna hvers konar fasteigna- og lausafjártryggingar
- Viðhald gengur hins vegar út á það að tryggja óbreytt ástand eignar. Kostnaðurinn bætir því ekkert útlit eignarinnar frá því sem það var

YSÚ 415/1998

- Kærandi gjaldfærði í skattskilum sínum kostnað vegna endurbóta á leiguhúsnæði og byggði á því að samkvæmt leigusamningi yrðu endurbætur á húsnæðinu og innréttingar eign leigusala að leigutíma loknum
- Talið var að umræddar endurbætur teldust til varanlegra rekstrarfjármuna í skilningi fyrningar reglna skattalaga þannig að kæranda bæri að eignfæra þær og fyrna, enda teldust þær eign hans og nýttust honum meðan á leigutíma stæði

YSÚ 300/2002

mörk endurbóta og viðhalds

- Ágreiningur í máli þessu laut að því hvort kostnaður kæranda vegna endurnýjunar á **þremur hurðum** á verkstæðishúsi hans skyldi teljast til endurbóta eða viðhalds, en fyrir lá að ein hurðin hafði skemmst þegar ekið var á hana
- Yfirskattanefnd taldi að í umræddum kostnaði hefði bæði fallist viðhald og endurbætur. Var fallist á að þriðjungur kostnaðar við hurðirnar félli undir frádráttarbæran viðhaldskostnað auk þess sem krafa kæranda um gjaldfærslu kostnaðar vegna breytinga á raflögnum vegna hurðaskiptanna var tekin til greina

3. tölul. 31. gr. TSL

skattaleg aðgerð

- Útistandandi viðskiptakröfur og lánveitingar í árslok, sbr. 2. mgr. 5. tölul. 73. gr., er heimilt að færa niður um allt að 5% og telja þá fjárhæð til frádráttar skatt skyldum tekjum
 - ... af tillitsemi við varúðarreglu reikningsskilanna
- Frá tekjum af atvinnurekstri má enn fremur draga:
 - **Tap** á útistandandi viðskiptakröfum, ÁBYRGÐUM OG LÁNVEITINGUM, **sem BEINT tengjast atvinnurekstrinum, á því tekjuári sem eignir þessar sannanlega eru tapaðar**
 1. Hvað er átt við með: útistandandi viðskiptakröfum, ábyrgðum og lánveitingum
 2. Hvað þýðir auðkenningin: tengjast atvinnurekstrinum beint
 3. Hvað felst í kröfunni: SANNANLEGA ERU TAPADAR

Nánar

- Ákvæði 3. tölul. 31. gr. TSL er hannað í kringum þær aðstæður að kaupmaður selji vöru t.d. húsgögn gegn greiðslu í formi vixils
- Hann framselur svo vixilinn í banka með eigin ábyrgð sinni. Verði greiðslu fall á vixlinum verður kaupmaðurinn að gera upp við bankann
- Við þær kringumstæður er tvennt til. Annars vegar að innheimta vixilinn og hins vegar að semja við skuldarann um fullnustu á skuldinni ef til vill með útgáfu á skuldabréfi
- Þá telst vixillinn greiddur og ný skuld stofnuð (lánveiting)

Tap á kröfu telst sannanlegt:

reglugerð nr. 483/1994, sbr. 14. gr.

- a) Ef krafan er fyrnd eða það **sannast á fullnægjandi hátt** að eignir séu eigi til fyrir henni eða hún verði eigi greidd, svo sem við gjaldprot, nauðasamninga, árangurslaust fjárnám o.þ.h.
- b) Ef telja má **fullvíst** að krafan fáist eigi greidd, enda þótt atvik þau sem um ræðir í a-lið séu eigi fyrir hendi. Líkur einar eru þó eigi nægar, heldur verða **öll rök** að liggja til þess að hún sé að fullu töpuð. Að það hafi sýnt sig við ítrekaðar innheimtutilraunir, þ.m.t. annarra kröfuhafa, að skuldari sé ófær til greiðslu, að hvorki fáist af kröfunni afborganir og vextir né veð fyrir henni og efnahagur skuldara og afkoma sé þannig að greiðslu verði ekki að vænta, enda sé eigi um gagnkröfu að ræða af hans hendi
- Ef hluti af kröfu tapast, t.d. við gjaldprot eða samninga um eftirgjöf, eða veð fæst aðeins fyrir hluta hennar, eða á annan hátt er fengin vissa fyrir því að hluti hennar fáist eigi greiddur, er leyfilegt að afskrifa hann, enda hafi skuldareigandi fullnægjandi reikningshald
- Sé krafa, sem afskrifuð hefur verið, greidd að fullu eða hluta telst það til tekna á því ári er greiðsla átti sér stað

YSÚ 10/2006

- Kærandi færði til gjalda í skattskilum sínum ábyrgðar-
skuldbindingu sem hann tókst á herðar fyrir X ehf., en
einkahlutafélagið hafði á leigu fasteign kæranda og vélar
og tæki til fiskvinnslu. Heimilaði kærandi X ehf. að
veðsetja fasteignina og umræddar vélar og tæki
- Yfirsattanefnd taldi að miðað við skýringar kæranda yrði
ekki annað séð en að greindar veðheimildir **hefðu staðið í
beinu samhengi við stofnun og rekstur X ehf. og fyrir lá að
kærandi átti hlut í félaginu.** Var kröfu kæranda um
gjaldfærslu umræddrar ábyrgðar hafnað

LÁNVETINGAR OG ÁBYRGÐIR

- Ábyrgðin á vixlinum
- Ábyrgðin á láninu

Niðurfærsla vörubirgða skattaleg aðgerð

- Frá tekjum í atvinnurekstri má draga:
 - Niðurfærslu vörubirgða í lok reikningsárs um allt að 5% af matsverði, sbr. 4. tölul. 31. gr. og 4. tölul. 73. gr.
- Hér er um að ræða flýtingu á framtíðarlegri gjaldfærslu, það er rýrnun vörulagers
 - Það er alkun staðreynd að vörulager rýrnar. Vörur ganga þannig úr sér og verða ónýtar. Ekki er því hægt að ætlast til þess að unnt verði að selja allar þær vörur sem eru á lager
- Heimildin á rót að rekja aftur til heimstyrjaldarinnar síðari og byggist á varúðarsjónarmiðum

5. tölul. 31. gr. TSL

- Frá tekjum af atvinnurekstri má draga: **Sannanlega tapað hlutafé í félögum sem orðið hafa gjaldþrota**
 - Stundum borgar sig ekki að setja kröfur í innheimtu. Fyrir það fyrsta er alls óvíst hvort þær fáist greiddar. Í annan stað er kannski betra að hjálpa fyrirtækinu yfir vandræði sín
 - Þetta má gera með því að breyta skuld í hlutafé. Samþykki kröfuhafi það verður að vera tryggt að hann býði ekki skattalegt tjón af ráðstöfuninni
 - Út á það gengur 5. tölul. 31. gr. TSL
- **Sama gildir um hlutafé sem tapast hefur vegna þess að það hefur verið fært niður í kjölfar nauðasamninga samkvæmt lögum nr. 21/1991**

6. tölul. 31. gr. TSL

- Frá tekjum af atvinnurekstri má draga: **Veittan afslátt af vörum eða þjónustu**
- Afsláttur sem veittur er samtímis sölu á vöru og þjónustu kemur til lækkunar á fjárhæð reiknings
 - Í raun er afslátturinn því aldrei bókaður
- Afslátturinn hér að ofan hlýtur því að vera annars eðlis. Í því sambandi dettur mér helst í hug
 - Endurgreiðsla vegna umfangs viðskipta á árinu
 - Sem slíkt gegnir ákvæðið því umfram allt þeim tilgangi að tryggja að ekki komi upp ágreiningur um frádráttinn

8. tölul. 31. gr. TSL

- Frá tekjum af atvinnurekstri má draga:
- Eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu tíu árum á undan tekjuári, enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrar-tapinu og eftirstöðvum þess á því tekju-ári þegar tapið myndaðist
- **Skv. þessu má flytja tap fram í tímann en ekki aftur í tímann**

Skattasniðganga

- Takmörk eru á nýtingu taps við sameiningu fyrirtækja, sbr. 54. gr. TSL
- Til að tryggja að hliðstæðar reglur gildi við breytingu á eignarhaldi fyrirtækja var nýjum málslíð bætt við 8. tölul. 31. gr. TSL 1998 - svohljóðandi
 - Þó er ekki heimilt að nýta rekstrartap til frádráttar tekjum **ef veruleg breyting** hefur orðið á þeim rekstri eða starfsemi sem í hlut á, **svo sem með breytingu á eignaraðild að lögaðila eða á tilgangi rekstrar**, nema sýnt þyki að umræddar breytingar hafi verið gerðar **í eðlilegum og venjulegum rekstrartilgangi**
 - **Ath. Ítarlega umfjöllun um þetta ákvæði er að finna í bókinni: Skattur á fyrirtæki**

Dæmi

GETUR BAKARÍ ORÐIÐ BÓKHALDSSTOFA

- Í bakaríinu Hnoða ehf. sem er 100% eign Gunnars bakara er til staðar tap upp á 15 millj. kr. Skuldir umfram eignir eru samt ekki nema 3 millj.
- Bókhaldari félagsins býðst núna til að kaupa félagið á 4 millj.
- Eru þetta viturleg viðskipt að þínu mati?

Niðurfæranlegar eignir sbr. 32. gr. TSL

- Eftirtaldar eignir er heimilt að færa niður á því ári sem þær myndast eða með jöfnum fjárhæðum á fimm árum:
 - a. Stofnkostnað, svo sem kostnað við skráningu fyrirtækis og öflun atvinnurekstrarleyfa
 - b. Kostnað við tilraunavinnslu, markaðsleit, rannsóknir og öflun einkaleyfis og vörumerkja
- Niðurfærsla samkvæmt grein þessari er heimil til frádráttar í fyrsta skipti á því ári þegar eignanna er aflað eða lagt er í kostnað þeirra vegna
- Við sölu eigna skv. a- og b-liðum 2. mgr. telst söluverð þeirra að fullu til tekna á söluári að frádregnum þeim hluta sem ekki hefur verið færður niður

Skrap fyrning, sbr. 35. gr. TSL

- Ekki er heimilt að fyrna eign á því rekstrarári þegar nýtingu hennar lýkur vegna sölu eða af öðrum ástæðum, þar með talið ef eign verður ónothæf, **nema söluverð eða annað andvirði sé lægra en eftirstöðvar fyrningarverðs, þ.e. bókfært verð til skatts**
- **Er þá heimilt að gjaldfæra mismuninn**

33. gr. TSL

- Fyrnanlegar eignir eru varanlegir rekstrarfjármunir sem notaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri eða í sjálfstæðri starfsemi og rýrna að verðmæti við eðlilega notkun eða aldur. Helstu flokkar þeirra eru þessir:
 1. Lausafé, þar með talin skip, loftför, bifreiðar, vélar og tæki
 2. Mannvirki, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar
 3. Eyðanleg náttúruauðæfi og keyptur réttur til nýtingar (afnotaréttur) þeirra
 4. Keyptur eignarréttur (gagnstætt áunnum) að verðmætum hugverkum og auðkennum, svo sem höfundaréttur, útgáfuréttur, réttur til hagnýtingar upplýsinga, réttur til einkaleyfis og vörumerkis
 5. Keypt (gagnstætt áunninni) viðskiptavild. Kaup á ófyrnanlegum réttindum skv. 48. gr. teljast ekki til keyptrar viðskiptavildar
- Ath. þessi upptalning er ekki tæmandi, sbr. orðalagið

Varanlegir rekstrarfjármunir

Gjaldfæslan miðast við 249,999

- Varanlegir rekstrarfjármunir teljast þeir rekstrarfjármunir, sem unnt er að nota við öfluna tekna í fleira en eitt ár, og kosta 250.000 kr. (án vsk.) eða meira í innkaupum án vsk. en 275.000 með 11% vsk og 310.000 kr. með 24% vsk
- Um þessi krónutöluviðmið, sjá 39. gr. TSL
- Ekki er heimilt að gjaldfæra kaup á varanlegum rekstrarfjármunum á því ári sem þeirra er aflað. Þess í stað ber að gjaldfæra kaupin sem fyrningu, sbr. 37. gr. TSL
- Hvaða eignir má fyrna, sjá 33. gr. TSL

Skilyrði fyrningar

- **Almenn skilyrði:**

1. Eign verður að tilheyra rekstrinum. Atvinnurekandi verður semsé að eiga eignina
 - Almennt er því ekki unnt að fyrna eignir sem hlutaðeigandi hefur að láni/á leigu –
2. Eign verður að teljast varanlegur rekstrarfjármunur
3. Eign verður að vera notuð við öflun tekna í atvinnurekstri. **Af því leiðir tvennt:**
 - Atvinnurekstur verður að vera í gangi - ath. rekstrarhlé
 - Eignin má ekki umfram allt vera notuð í einkapágu manns

- **Sérstök skilyrði:**

4. Eign verður að rýrna að verðmæti við slit (notkun) og aldur – Ath. þetta skilyrði byggist á reynslu

YSU 129/2021

- Í máli þessu var deilt um þá ákvörðun ríkisskattstjóra að líta á útgjöld X ehf. vegna kaupa á þremur **málverkum**, sem eignfærð voru í skattskilum félagsins, sem persónulegan kostnað kæranda, fyrirsvarmsmanns og eiganda X ehf., og tekjur hans af hlutareign í X ehf. (dulinn arð). Til stuðnings ákvörðun sinni vísaði ríkisskattstjóra m.a. til úrskurðar yfirskattanefndar nr. 194/2019. Yfirskattanefnd féllst á með kæranda að atvik máls hans væru á ýmsan hátt með öðrum hætti en í máli því sem lauk með nefndum úrskurði, svo sem nánar greindi. Var talið hafa meginþýðingu í máli kæranda hvernig háttáð hefði verið notkun þeirra málverka sem um ræðir, en kærandi hélt því fram að málverkin hefðu verið keypt í fjárfestingarskyni og að þau væru varðveitt á starfsstöðvum X ehf. Þar sem hvorki var talið að ríkisskattstjóri hefði séð til þess að málið væri nægjanlega upplýst áður en hann tók hina kærðu ákvörðun sína né að ríkisskattstjóri hefði rökstutt ákvörðunina á fullnægjandi hátt var ákvörðun hans felld úr gildi.

Úrskurður nr. 54/2008
Gjaldár 2001-2005
Virðisaukaskattur 2000-2005

- Kærandi í máli þessu var hlutafélag sem hafði með höndum hvalveiðar í atvinnuskyni og síðar í vísindaskyni allt til ársins **1989** þegar slíkar veiðar lögðust af við Íslandsstrendur. Í málinu var deilt um gjaldfærðan kostnað og innskatt vegna viðhalds eigna, sem tengdust hvalveiðum og vinnslu hvalaafurða, þar á meðal hvalveiðiskipa og búnaðar til hvalveiða, í skattskilum kæranda fyrir rekstrarárin 2000-2004
- **Skattstjóri hafnaði frádráttarbærni þess kostnaðar og innskatts á þeim grundvelli að um væri að ræða kostnað vegna eigna sem EKKI TENGDUST atvinnu rekstri kæranda á greindum árum**
- Í úrskurði yfirskattanefndar var bent á að kærandi hefði stundað hvalveiðar í atvinnuskyni um árabíl áður en bann við slíkum veiðum tók gildi hér á landi árið 1986 og að engin ástæða væri til að **draga í efa** að félagið hefði haft **réttmæta ástæðu** til að ætla að hvalveiðar í atvinnuskyni kynnu að verða leyfðar að nýju hér við land innan skamms. Yrði því ekki litið svo á að kærandi hefði hætt atvinnurekstri í venjulegum skilningi **heldur hefðu atvik, sem hvorki yrði séð að hefðu verið á valdi kæranda né leitt af aðstæðum í rekstri kæranda, leitt til stöðvunar á greindum þætti í rekstri félagsins.** Vegna þessara sérstöku aðstæðna hefði kærandi haft hagsmuni af viðhaldi þeirra eigna sem málið varðaði

Hvað er fyrning?

vegna þessa hefur því verið haldið fram að fyrirtækjum væri heimilt að fyrna jafnvel þótt sérstakrar heimildar nyti ekki við. Fyrningin væri nefnilega innbyggð í almenna rekstrar kostnaðar hugtakið

- Með fyrningu er þannig verið að gjaldfæra áætlaða eyðslu (rýrnun, slit) eignar við öflun tekna
- **Fyrning er því í eðli sínu rekstrarkostnaður**
- Hlutverk hennar samkvæmt skattalögum er því ekki ekki að safna sjóði til endurnýjunar nýrrar eignar
- Þrátt fyrir þetta er fyrning óháð kostnaði við viðhald eignar. **Viðhaldskostnaður er því jafnt fradráttarbær þótt eign sé fyrnd**

Fyrningargrunnur eignar

- Fyrningar eru ákveðnar sem tiltekinn hundraðshluti (prósent) af **fyrningargrunni eignar**, sbr. 36. gr. TSL
- **Skv. nefndri grein er fyrningargrunnur eignar jafnt og stofnverð hennar.** Um stofnverð eigna er fjallað í 12. gr. TSL og segir þar
 - að stofnverðið teljist kostnaðarverð, það er **kaupverð eða framleiðsluverð**
- **Sjá nánar glærupakka 5 um hagnað af sölu eigna**

Fyrningaraðferðir, almennt

- Unnt er að fyrna eign á margvíslegan hátt
- **Fyrirfram**, það er áður en notkun eignar hefst
 - flýtifyrning, sbr. niðurfærsla stofnverðs um fjárhæð frestaðs söluhagnaðar skv. 14. gr. TSL
- **Stighækkandi** eftir því sem hún eldist. Eign er þá fyrnd **minna** í upphafi en í lok eignarhaldst.
- **Stiglækkandi** eftir því sem hún eldist. Eign er þá fyrnd **meira** í upphafi en í lok eignarhaldst.
- **Línulega**. Fjárhæð fyrningar er þá ávallt söm

Nánar um fyrningargrunn

Sjá 36. gr. TSL

- **Fyrningargrunnur lausafjár – stiglækkandi fyrning**
 - Fyrningargrunnur eigna skv. 1. tölul. 33. gr. telst stofnverð þeirra, sbr. 2. mgr. 12. gr., **að frádregnum áður fengnum fyrningum**
 - Hafi atvinnurekandi eignast eign fyrir árslok 2001 ber að hækka eða lækka stofnverð hennar skv. verðbreytingarstuðli
- **Fyrningargrunnur (allra) annarra eigna – línuleg fyrning**
 - Fyrningargrunnur eigna skv. 2.–5. tölul. 33. gr. **telst stofnverð þeirra**, sbr. 2. mgr. 12. gr.
 - Hafi atvinnurekandi eignast eign fyrir árslok 2001 ber að hækka eða lækka stofnverð hennar skv. verðbreytingarstuðli

Stiglækkandi fyrning

Lausafé, sbr. 1. tölul. 33. gr. TSL

| Ár | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|--------------|------------|-----------|-----------|---------|---------|---------|
| Stofnverð | 2.500.0000 | 1.625.000 | 1.056.250 | 686.563 | 446.266 | 290.073 |
| Fyrning: 35% | 875.000 | 568.750 | 369.688 | 240.297 | 156.193 | 101.525 |
| Bókfært verð | 1.625.000 | 1.056.250 | 686.563 | 446.266 | 290.073 | 188.547 |

- Muna eftir niðurlagsverði. Hvað þýðir það, sjá nánar 42. gr. TSL, er hljóðar svo:
 - ✓ Eignir skv. 1. og 2. tölul. 33. gr. má aldrei fyrna meira en svo að ávallt standi eftir, sem niðurlagsverð eignar, 10% af stofnverði hennar, sbr. 2. mgr. 12. gr. Fyrning árið 2020 má því ekki vera meiri en $290.073 - 250.000 = 40.073$ kr.

Línuleg fyrning

| Ár | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 |
|-----------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|
| Stofnverð | 25.000.000 | 25.000.000 | 25.000.000 | 25.000.000 | 25.000.000 | 25.000.000 |
| Fyrning: 10% | 2.500.000 | 2.500.000 | 2.500.000 | 2.500.000 | 2.500.000 | 2.500.000 |
| Bókfært verð | 22.500.000 | 20.000.000 | 17.500.000 | 15.000.000 | 12.500.000 | 10.000.000 |

Stiglækkandi fyrning: Fjárhæð fyrningarinnar fer lækkandi eftir árafjölda fyrningartímans

Línuleg fyrning: Fjárhæð fyrningarinnar er ávallt söm

Ekki má fyrna margar eignir saman

- Skattalögin byggja á því að hver eign sé fyrnd sér. Þetta er mjög flókið kerfi
 - Ath. saldo aðferðina skv. dönsku fyrningarlögum
- Kaupi aðili tvær eða fleiri eignir saman verður því að skipta kaupverðinu upp á milli þeirra
- Við þá skiptingu ber að ganga útfrá markaðsverði einstakra eigna nema á annan veg sé mælt í lögum
- Sjá 26. gr. TSL

Allt lausafé fyrnt saman

| Ár | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|-------------------------|------------------|------------------|------------------|----------------|
| Lauafé | 5.000.000 | 3.250.000 | 2.112.500 | 1.373.125 |
| Fyrning | 1.750.000 | 1.137.500 | 739.375 | 480.594 |
| Bókfært verð | 3.250.000 | 2.112.500 | 1.373.125 | 892.531 |

Nú sel ég lausafé fyrir 1.500.000 kr. Hvað gerist þá? Jú það myndast hagnaður að fjárhæð 607.469 kr. Þessi hagnaður þýðir neikvætt saldó og til að eyða því þarf ég að endurfjárfesta, sbr. 14. gr. TSL. Að öðrum kosti verð ég að greiða skatt af hagnaðinum

Fyrningaraðferðir skv. skattal.

- Skattalögin mæla fyrir um þrenns konar fyrningaraðferðir:
 1. Strax fyrningu, sbr. 39. gr. TSL - > 250.000
 2. Stiglækkandi fyrningu, sbr. 1. mgr. 36. gr. TSL
 - Þessi fyrning er framkvæmd með því að reikna fyrninguna ávallt af bókfærðu verði, það er stofnverði að frádregnum áður fengnum fyrningum
 - Gildir eingöngu um lausafé, þar með talið bifreiðar, loftför og skip svo og vélar og tæki, sbr. 1. tölul. 33. gr. TSL
 3. Línulega fyrningu, sbr. 2. mgr. 36. gr. TSL
 - Þessi fyrning er framkvæmd með því að reikna fyrninguna ávallt af stofnverði eignar
 - Gildir um allar aðrar eignir en lausafé ...

Lok fyrningar

- Árið, sem nýting eignar hefst, má fyrna hana fullri ársfyrningu
- Árið, sem nýtingu eignar lýkur, má ekki fyrna hana neitt, sbr. 35. gr. TSL er hljóðar svo:
 - Ekki er heimilt að fyrna eign á því rekstrarári þegar nýtingu hennar lýkur vegna sölu eða af öðrum ástæðum, þar með talið ef eign verður ónothæf nema ...
- Bann við fyrningu þegar nýtingu eignar lýkur er semsé gjaldið sem greiða verður fyrir fulla ársfyrningu þegar nýting eignar hefst

Heildarfjárhæð fyrningar

- Almennt má fyrna allan fyrningargrunn eignar. Fyrningin er því 100%
- **Lausafé og mannvirki**, sbr. 1. og 2. tölul. 33. gr. TSL má þó aldrei fyrna meira en svo að eftir standi 10% af niðurlagsverði eignar, sbr. 42. gr. TSL
 - Fyrning slíkra eigna getur því aldrei orðið meiri en 90%
- Ath. að ákvæði 42. gr. TSL á ekki við þegar eign er seld eða hún verður ónothæf, sbr. 35. gr. TSL
- Ákvæði 35. gr. TSL hefur semsé forgang gagnvart 42. gr. TSL

Strax fyrning, sbr. 39. gr. TSL

- Takmarkast við einstakar eignir og eignasam stæður sem kosta minna en 250.000 kr. án vsk.
- Hvað er átt við með **einstakri eign** og **eignasamstæðu** í þessu sambandi?
 - **Einstök eign.** Ein einstök eign og safn einstakra eigna. Hótel kaupir t.d. 50 sjónvörp á 150.000 kr. stykkið eða 100 rúm á 50.000 kr. stykkið o. fl.
 - **Eignasamstæða** merkir hins vegar: Tvær eða fleiri eignir sem tengja verður saman til að fullnýta eiginleika þeirra. Dæmi: Tölva og prentari. Borð og stólar

37. gr. TSL

Skylda



2. mgr. 29. gr. og 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. eru heimildarákvæði

- Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 29. gr. og 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. **skal fyrning vera árlegur** hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna eða eignarflokks sem hér segir:
 - 1 **Skip og skipsbúnaður**, svo og fólksbifreiðar fyrir færri en níu menn, **aðrar en leigubifreiðar** að lágmarki 10%, að hámarki 20%
 - 2 **Lofför og fylgihlutir þeirra** að lágmarki 10%, að hámarki 20%
 - 3 **Verksmiðjuvélar og hvers konar iðnaðarvélar og tæki** að lágmarki 10%, að hámarki 30%
 - 4a **Skrifstofuáhöld og -tæki** að lágmarki 20%, að hámarki 35%.
 - 4b **Vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar**, **bifreiðar og önnur flutningatæki**, svo og **annað lausafé sem fellur ekki undir 1.–3. tölul. og a-lið þessa töluliðar** að lágmarki 20%, að hámarki 35%

Fyrningarhlutföll ...

| Eignir | Lágmark | Hámarg |
|-------------------------------|---------|--------|
| Skip og skipsbúnaður | 10% | 20% |
| Fólksbifreiðar | 10% | 20% |
| Lofför og fylgihlutar þeirra | 10% | 20% |
| Verksmiðjuvélar | 10% | 30% |
| Skrifstofuáhöld | 20% | 35% |
| Vélar og tæki til jarðvinnslu | 20% | 35% |
| Leigubifreiðar o. fl. | 20% | 35% |
| Annað lausafé | 20% | 35% |

Fyrningarlutföll ...

| Eignir | Lágmark | Hámarmark |
|-----------------|---------|-----------|
| Íbúðarhúsnæði | 1% | 3% |
| Verksmiðjur | 3% | 6% |
| Bryggjur | 6% | 8% |
| Raflínur | 7,5% | 10% |
| Verðmæt hugverk | 15% | 20% |
| Eyðanleg nátt | áætl | áætl |
| Viðskiptavild | 10% | 20% |

Skip og skipsbúnaður o.fl.

- Tölva í brú skips. Hvert er fyrningarhlutfall hennar?
- Landgangur flugvélar. Hvert er fyrningarhlutfall hans?
- Innréttingar í verzlun. Hvert er fyrningarhlutfall þeirra?

YSÚ 384/1998

- Ekki var fallist á að kæranda, sem var einkahlutafélag, væri heimilt að **gjaldfæra kaup á tölvubúnaði í skip félagsins**, heldur var talið að honum bæri að eignfæra búnaðinn og fyrna í skattskilum sínum með sama fyrningarhlutfalli og heimilt væri að fyrna skip og skipsbúnað
- Að því er varðaði kröfu kæranda um gjaldfærslu útgjalda vegna kaupa á **radar og vídeóplotter** á þeim forsendum að um endurnýjun eldri tækja væri að ræða, tók yfirskattanefnd fram að úrlausn um þá kröfu **byggðist á því hvort um hefði verið að ræða eðlilegt viðhald eða endurbætur**. Var fallist á kröfu kæranda um þetta atriði
- Þá var sú ákvörðun ríkisskattstjóra að eignfæra og fyrna kaup á aðalvél og fiskleitartækjum í skip félagsins í skattskilum vegna árána 1991, 1992 og 1993 ekki talin standast að því er varðaði síðari tvö árin með því að skipið hefði verið selt á árinu 1991. Var fallist á gjaldfærslu þeirra útgjalda í skattframtali árið 1992
- Ákvörðun ríkisskattstjóra um álag á skilaskylda staðgreiðslu árána 1990–1992 var felld úr gildi vegna annmarka á málsmeðferð

YSÚ 319/1998

- Deiluefni í máli þessu snerist um það hvort kæranda, sem var einkahlutafélag og rak ferðapjónustu, væri heimilt að fyrna **vinnuskúra**, sem félagið nýtti í þágu ferðapjónustu sinnar, á grundvelli reglugerðarákvæða sem samkvæmt orðan sinni tóku til óvaranlegra vinnubúða
- Yfirsattanefnd hafnaði því. **Taldi nefndin vera skilyrði samkvæmt hljóðan umræddra reglugerðarákvæða að mannvirki væri annars vegar nýtt sem vinnubúðir og hins vegar að mannvirki væri óvaranlegt.** Hvorugt skilyrðið var talið vera fyrir hendi í tilviki kæranda, sem nýtti umrædda vinnuskúra til **gistingar fyrir ferðamenn** í tengslum við ferðapjónustu sína. Var kröfu kæranda synjað

Um rökin nánar:

- Óumdeilt er í máli þessu að umrædda vinnuskúra beri að telja til **mannvirkja samkvæmt 5. tölul. 38. gr. laga nr. 75/1981**, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og með fyrningu þeirra beri að fara eftir ákvæðum fyrrgreindra reglu gerða um fyrningu mannvirkja
- Kærandi styður kröfu sína um að fyrningarhlutfall umræddra eigna verði ákvarðað í samræmi við gildandi fyrningarhlutfall **óvaranlegra vinnubúða**, þrátt fyrir breytta notkun, að vinnuskúrarnir hafi gegnt slíku hlutverki hjá fyrri eiganda og lítið sem ekkert hafi verið gert til að endurbæta skúrana fyrr en á árinu 1996, enda hafi þeir verið keyptir í tilraunaskyni í sambandi við rekstur **svefnpokapláss**a
- Kærandi hefur upplýst að byggingaryfirvöld hafi veitt bráða birgðaleyfi fyrir skúrana

Er skylt að fyrna?

- Skattalögin byggja á því að almennt sé ekki skylt að draga gjöld frá tekjum, sbr. orðalagið: Frá tekjum í atvinnurekstri ... **má** draga o.s.frv
- **Þessu er öðruvísu farið um fyrningu.** Skv. 1. mgr. 37. gr. TSL er skylt að framkvæma fyrningu, sbr. orðalagið „... **skal fyrning vera árlegur ...**“ Menn eiga því ekkert val
 - Ástæðan fyrir þessu er umfram allt sögulegs eðlis
 - Fyrst heimilt var að endurmeta fyrningargrunn eigna vildu menn koma í veg fyrir að hægt væri að fegra efnahaginn með því að sleppa fyrningu. Skyldan byggist því á varúðarsjónarmiðum - hin sanna mynd

... hvað með niðurfærslu? Er hún skyldubókfærsla líka

- Sjá 32. gr. TSL, en þar segir
 - Eftirtaldar eignir **er heimilt að færa** niður á því ári sem þær myndast eða með jöfnum fjárhæðum á fimm árum:
 - Öfugt við fyrningu virðist því ekki skylt að niðurfæra eignir
 - Framkvæmd þessa er þó óvissu háð

Skv. 8. tölul. 31. gr. TSL

er aðeins unnt að flytja tap 10 ár fram í tímann

- Ísl. erfðagreining stundar umfangsmikla rannsóknar og þróunarstarfsemi. Kostnaður vegna þessa felst aðallega í mannalaunum og nemur milljörðum króna
- Um gjaldfærslu þessa fer skv. 32. gr. TSL. Skv. því getur fyrirtækið valið um
 - að eignfæra kostnaðinn og niðurfæra á fimm árum eða
 - gjaldfæra strax og hann myndast
- Vegna takmörkunarinnar á nýtingu taps skv. ofansögðu gæti fyrirtækið haft hagsmuni af því að eignfæra kostnaðinn og gjaldfæra hann svo í rekstri einhvern tímann síðar þegar fyrirtækinu hentar. **MÁ FYRIRTÆKID GERA ÞAÐ?**

INNLENT 20. júlí 2017 15:47

Vill að tapið verði yfirfæranlegt

Tímafrestur á yfirfæranlegu tapi hrúnáranna nálgast að fara að renna út, enda er fresturinn 10 ár. Tanya Zharov vill afnema eða framlengja frestinn.

Ritstjórn ritstjorn@vb.is

Recommend 3

Tweet



Mikið mæddi á Geir H. Haarde, þáverandi forsætisráðherra, í hrúninu, en flest íslensk fyrirtæki gengu þá í gegnum miklar hremmingar sem nú er hætt á að þau geti ekki lengur nýtt á móti skattlagningu hagnaðar.

© Birgir Ísl. Gunnarsson

Tanya Zharov, skattalögfræðingur, aðstoðarforstjóri og regluvörður Íslenskrar erfðagreiningar, og stjórnarformaður Íslandssjóða og Carbon Recycling segir mikilvægt að framlengja eða taka út tímamörk á því að fyrirtæki geti nýtt yfirfæranlegt tap.

„Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir fyrirtæki sem byggja á hugviti sem tekur langan tíma að skapa,“ segir Tanya í Morgunblaðinu, þegar hún er spurð hverju hún myndi helst vilja breyta í lagaumhverfi hér á landi. „Auk þess verða bráðum liðin tíu ár frá bankahrúninu, þegar flest íslensk fyrirtæki gengu í gegnum miklar fjárhagslegar hremmingar.

Það tap í rekstri sem þá myndaðist fer bráðum að fyrnast vegna tíu ára reglunnar og því er sérstaklega mikilvægt að framlengja tímamörkin eða taka tímamörkin alveg út.“ Segir Tanya í raun vilja taka í gegn lagaumhverfið í kringum stofnun fyrirtækja sem byggja á hugmyndum.

Blönduð fyrning

- Almennt lýtur eign sama fyrningarhlutfalli allt æviskeið sitt
- Fer hlutfallið öðrum þræði eftir nýtingu og ákvarðast sem tiltekinn hundraðshluti af stofnverði hlutaðeigandi eignar
- Í því sambandi er gengið út frá því að meiri/þyngri nýting valdi meira sliti á eign en minni/léttari nýting
- Heyri eign undir fleira en eitt fyrningarhlutfall getur því þurft að skipta fyrningargrunni hennar
 - Dæmi: Íbúð (0%-3%) í verksmiðju (3%-6%)

Fyrning, nokkrar athugasemdir

- Við fyrningu er gengið út frá því að eign sé keypt eða byggð og svo nýtt við öflun tekna með venjulegum hætti
 - Fyrningin er því nánast sjálfvirk
- Breytist þetta t.d. vegna rekstrarstöðvunar eða hlés verður því að vera unnt að endurskoða fyrninguna og lækka fyrningarhlutfallið eða jafnvel fresta fyrningunni algerlega
- **Um heimild til þessa vísast til 47. gr. TSL**

47. gr. TSL

- Ef **sérstakar ástæður** eru fyrir hendi má víkja frá framangreindum reglum **um fyrningarhlutföll** og veitir ríkisskattstjóri heimild til slíkra frávíka
- Muna YSÚ 54/2008. Gjaldár 2001-2005 Virðisaukaskattur 2000-2005. Hvalskipin

Niðurfæranlegar eignir

- ~~Fullvirðisréttur – ekki lengur, sbr. ...~~
 - Sjá 1. mgr. 32. gr. TSL. Sjá bráðabirgðaákvæði
- **Almennur stofnkostnaður**
 - Stofnkostnaður við skráningu fyrirtækis og öflun atvinnurekstrarleyfa, sbr. a-lið 2. mgr. 32. gr. TSL
- **Sérstakur stofnkostnaður**
 - Kostnaður við tilraunavinnslu, markaðsleit, rannsóknir og öflun einkaleyfa og vörumerkja, sbr. b-lið 2. mgr. 32. gr. TSL

Niðurfærsla, framkvæmd

- Hvað segja bókhaldslög/ársreikningslög um rannsóknar- og þróunarkostnað
 - Mæla ekki með eignfærslu þar sem kostnaðurinn sé of óviss til að teljast eign. Hvað ef um keyptan rétt er að ræða?
- Skattalögin gera kröfu um að gjöld tengist tekjum til að vera frádráttarbær. Þegar stofnkostnaður á í hlut orkar þetta tvímælis. Til að fyrirbyggja ágreining er því mælt fyrir um frádráttinn í lögum
- Niðurfæranlegar eignir má færa niður með tvennum hætti:
 - Strax, það er á því ári er kostnaður myndast
 - Með jöfnum greiðslum á fimm árum
 - Skoðum nokkur álitamál

Samanburður á skattskilum

Skylda til fyrningar, heimild til niðurfærslu

Uppgjör hagnaðar, frestun skattlagningar

Ólíkar reglur eftir því hvort um er að ræða ...

- Fyrningar af – Sjá 33. gr. TSL
 4. Keyptum eignarrétti að verðmætum hugverkum og auðkennum, svo sem höfundarétti, útgáfurétti, rétti til hagnýtingar upplýsinga, rétti til einkaleyfis og vörumerkis –
- og niðurfærslu á – Sjá 32. gr. TSL
 - b. Kostnaði við tilraunavinnslu, markaðsleit, rannsóknir og öflun einkaleyfis og vörumerkja

Úrskurður nr. 10/2010

Gjaldár 2005

fyrirtækið mátti ekki fresta

- Kærandi í máli þessu var hlutafélag sem hafði með höndum framleiðslu, þróun og sölu á lyfjum og lyfjahugviti. Deilt var um þá ákvörðun skattstjóra að skattleggja söluhagnað vegna sölu óefnislegra eigna á árinu 2004 í skattskilum kæranda þar sem skattstjóri féllst ekki á að **um væri að ræða hagnað af sölu fyrnanlegra eigna sem heimilt væri að fresta skattlagningu** á um tvenn áramót heldur væri um að tefla þróunarkostnað sem félli undir ákvæði um niðurfærslu eigna í 32. gr. laga nr. 90/2003
- Í úrskurði yfirskattanefndar kom fram að um væri að ræða sölu verðmæta sem fólgin væru í **uppskriftum að lyfjum og skráningarlýsingum** o.fl. sem sköpuð hefðu verið með þróunarvinnu á vegum kæranda á árunum 2002, 2003 og 2004. Í skattskilum kæranda hefði umræddur kostnaður vegna lyfjaþróunar verið færður niður með þeim hætti sem greindi í 2. mgr. 32. gr. laga nr. 90/2003 og væri ekki deilt um að sú tilhögun hefði verið heimil
- Að því athuguðu var talið að söluhagnaður eigna, sem orðið hefðu til með þróunarvinnu kæranda, færi eftir **3. mgr. 32. gr. laga nr. 90/2003** og að söluverð eignanna teldist því að fullu til tekna á söluári að frádregnum þeim hluta sem ekki hefði verið færður niður. Var kröfu kæranda hafnað

Ófyrnanlegar eignir

1. Vörur. Kostnaðarverð þeirra er gjaldfært í rekstri sem vörunotkun
2. Inneignir í bönkum, kröfur og hlutabréf
Þetta eru ekki rekstrarfjármunir í venjulegri merkingu orðsins
3. Aflaheimildir. Ath. um aflamark gilda sérreglur
✓ Sama gildir um greiðslu mark
4. **Einkaeignir manna. Afmörkunarvandamál**
– Íbúðarhúsnæði, bifreiðar, flugvélar, skemmtibátar, sjónvörp, myndbönd, farsímar o. fl.
5. Listaverk og hljóðfæri t.d. fiðlur gagnstætt málmblásturhjóðfærum

Álitamál

- A er lögmaður. Fyrir nokkrum árum datt honum það snjallræði í hug að láta einkahlutafélagið sitt kaupa af sér einbýlishúsið sitt
- Síðan þá hefur allur rekstrarkostnaður hússins að fjárhæð um 2 millj. á ári verið gjaldfærður í rekstrinum
- Að vísu verður A að telja sér til tekna, sem laun, 5% af fasteignamatsverði hússins, en þar sem hann telur upphæðina fram sem hluta af reiknuðu endurgjaldi sínu er það bara smáræði miðað við það hagræði að láta reksturinn greiða allan kostnaðinn við íbúðina
- Hvað finnst ykkur um þetta ráðslag A og hvaða líkur eru á að það gangi í skattframkvæmd?

Aldur og slit

- Aðeins er heimilt að fyrna þær eignir sem ganga úr sér við notkun. Endurnýjanlegar eignir eru því ekki fyrnanlegar
- Við mat á þessu skilyrði er venjulega byggt á reynslu. Sjálfgefið er þannig að fasteignir og lausafé (áhöld og tæki) slitna yfirleitt við notkun gagnstætt hlunnindum eins og dúntekju, eggvarpi sem endurnýjast árlega
- Almennt þarf því ekki að fylgjast sérstaklega með því að svo sé í raun
- Hitt er svo annað mál að ákveðnar eignir rýrna ekki við aldur heldur þvert á móti hækka í verði. Slíkar eignir er því ekki heimilt að fyrna
 - Hvaða eignir eru þetta nemandi góður?

Sönnun

fyrir rekstrarkostnaði

- Þegar tekjur eiga í hlut hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að manni hafi hlotnast þær á hinu opinbera. Maður telst semsé ekki hafa hlotnast tekjur nema unnt sé að sanna það
- Sé um gjöld að ræða hvílir sönnunarbyrðin hins vegar á skattaðila. Samkvæmt því verður hann að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir kostnaði og að kostnaðurinn tengist öflun teknanna
 - Af hverju er þetta svona?

Hvernig sannar maður kostnað

- Með kostnaðarfylgiskjölum, það er reikningum. Sjá 8. gr. laga um bókhald
 - Sérhver færsla í bókhaldi skal byggð á áreiðanlegum og fullnægjandi gögnum sem rekja má til viðskiptanna. Ytri sem innri gögn skulu fela í sér upplýsingar sem nægja til réttmætrar skráningar í bókhaldið
- Um afleiðingarnar, sjá 2. mgr. 1. tölul. 31. gr. TSL
 - Ef eigi hefur verið fullnægt skyldu til að afhenda ríkisskattstjóra upplýsingar um launagreiðslur og/eða verktakasamninga vegna vinnu, sbr. 92. gr., að aðgættum ákvæðum 96. gr., er ríkisskattstjóra **HEIMILT** að synja um frádrátt vegna þeirra greiðslna eða hlunninda
- Sjá einnig 4. mgr. 96. gr. TSL

Rekstrartjón

- Til grundvallar rekstrarkostnaðarhugtakinu liggja **VENJULEG OG EÐLILEG GJÖLD**
 - Með öðrum orðum er um að ræða eitthvað sem stofnað er til vitandi vits
 - Sjá 33. gr. TSL þar sem ræðir um „**EÐLILEGA NOTKUN**“
- Óvenjuleg gjöld sem koma upp skyndilega án þess að menn viti sitt rjúkandi ráð heyra því ekki endilega undir rekstrarkostnaðarhugtakið
- Þar með er ekki sagt að **EKKI** sé heimilt að draga þau frá tekjum

Ákvörðun frádráttarbærninnar

- Við ákvörðun á frádráttarbærninni er tvennt til
 - Annars vegar að miða við skiptinguna: einkakostnaður, tekjuöflunarkostnaður eða eignakostnaður
 - Hins vegar að heimila frádrátt þeirra gjalda sem eru fylgifiskur venjulegrar og hefðbundinnar atvinnustarfsemi
- Við fylgjum blöndu af þessu, förum bil beggja. Túlkun þess, sem er venjulegt og eðlilegt, er þó rýmri hér á landi en t.d. í Svíþjóð

Sjóðpurro, rán og þjófnaður

- Þjófnaðartöp, sem ekki fást bætt, eru frádráttarbær, enn fremur sjóðpurroir hjá gjaldkera enda sannað við réttarrannsókn
- Við ákvörðun frádráttarins þegar um rán er að ræða er ekki gerður neinn greinarmunur á eðli fyrirtækja í þessu sambandi. Sjoppa nýtur því sama frádráttarréttar og banki
- Í Svíþjóð myndi bankinn aðeins geta dregið tjónið frá tekjum. Helgast það af viðmiðinu – venjulegt og eðlilegt

Umbreyting peninga

- Algengast er að vara sé seld gegn greiðslu í peningum
- Peningarnir sem koma í kassann við söluna hafa eiginleika vöru fyrst eftir sölu. Þannig teljast þeir til veltufjár
- Eftir því sem lengri tími líður frá sölu fynnist yfir þessa eiginleika
- Peningarnir breytast semsé í fastafé. Þessi umbreyting getur haft áhrif á frádráttarbærni taps t.d. vegna ráns og sjóðþurrðar

Einstök rekstrartjón

1. Vörurýrnun, birtist sem vörunotkun
2. Eyðilegging eignar, sjá 22. gr.TSL
 - Hlutaskemmd
3. Rekstrartap, sölutap, sjá 24. gr., 35. gr. og ...
4. Tjón sem atvinnurekandi þar með talið starfsmenn valda á sjálfum sér, eigin eignum, öðrum og eignum annarra, sjá 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. TSL
 - Ath. ásetningsstig. Skiptir máli hvort um óviljaverk (slys) er að ræða eða ásetning þar með talið stórkostlegt gáleysi

Dæmi um kostnað sem ekki er frádráttarbær

- A sem er forstjóri í fyrirtækinu X ehf. hefur afnot af bifreið fyrirtækisins
- Síðast liðið sumar fór hann í veiðiferð með erlendum viðskiptamönnum fyrirtækisins
- Á heimliðinni ók hann út af og eyðilagði bifreiðina. Við skýrslutöku af honum vaknaði grunur um að hann væri ölvaður
- Reyndist svo vera. Vegna þessa neitaði tryggingafélag X að bæta bifreiðatjónið
- En hvað með skattinn? Heldurðu að hann heimili gjaldfærslu eftirstöðva bókfærðs verðs bifreiðarinnar skv. 35. gr.TSL

Hvað ekki telst rekstrarkostnaður

1. Gjafir, þó ekki tækifærisgjafir í fríðu til starfsmanna eða viðskiptavina þegar verðmæti þeirra er ekki meira en gerist um slíkar gjafir almennt
2. Fjársektir eða önnur viðurlög, hverju nafni sem nefnast, vegna refsiverðs verknaðar skattaðila sjálfs, þar með talið verðmæti upptækra eigna eða greiðslur þess í stað. Enn fremur kostnað, hverju nafni sem nefnist, við öflun ólöglegs upptæks hagnaðar eða tengdan saknæmum brotum
3. Arð eða vexti af framlögðu fé manns til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi, hvort heldur reksturinn er á eigin ábyrgð eiganda eða með ótakmarkaðri ábyrgð í sameign með öðrum, sbr. og 2. mgr. 2. gr.
4. Þær greiðslur vegna fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en níu menn, öðrum en leigubifreiðum, sem eru umfram fyrningar reiknaðar samkvæmt ákvæðum þessara laga að viðbættum reiknuðum vöxtum af fyrningargrunni þegar frá hafa verið dregnar reiknaðar fyrningar fyrri ára. Ríkisskattstjóri setur reglur um reikning fyrninga og vaxta í þessum tilvikum.
5. Kostnað við rekstur fólksbifreiða, sem látnar eru starfsmönnum atvinnurekstrar í té til eigin afnota, nema að því marki sem **hlunnindi af notkun viðkomandi fólksbifreiðar hafa verið talin til tekna**, samkvæmt matsreglum ríkisskattstjóra, hjá þeim aðila sem heimilt er að hafa hana til umráða í eigin þágu
6. Kostnað vegna greiðslna, gjafa eða annars sem ólögmætt er skv. 109 gr. almennra heningarlaga nr. 19/1940 til manna sem ráðnir eru eða kjörnir til opinberra starfa á sviði löggjafarvalds, dómsvalds eða stjórnslu, hvort sem er á Íslandi eða í öðrum ríkjum eða hjá alþjóðasamtökum og stofnunum sem þjóðríkin, ríkisstjórnir eða alþjóðastofnir eru aðilar að

Fjársektir þar með talið ...

- Fjársektir vegna **refsiverðra brota**
 - **Háttsemi sem refsiverð er skv. lögum**
- Verðmæti upptækra eigna **eða** greiðsla þess í stað (ígildisgreiðsla)
- Kostnaður vegna öflunar ólöglegra tekna

109. gr. alm. hgl.

Tekjufærður ólögmætur sjávarafli

- Ef hið upptæka hefur verið tekjufært og skattur greiddur af tekjunum kann að vera nauðsynlegt að heimila frádrátt ígildisgreiðslunnar til að koma í veg fyrir tvöfalda refsingu, það er fyrst sem
- ◆ EIGNAUPPTÖKU OG SVO SEM SKATTLAGNINGU HINNA ÓLÖGMÆTU TEKNA
- vegna mannréttindasáttmála Evrópu

Dæmi



Hvað er stöðumælasekt? Þú leggur í stæði án þess að setja í stöðumæli. Vegna þessa færðu stöðumælasekt eins og það er kallað. En er það réttnefni. Nei vegna þess að það sem þú ert að greiða kallast **aukaleigugjald**

Fjöldi álagninga og andmæla

Fjöldi álagðra stöðvunarbrotagjalda var 120.648 árið 2008. Þar af var um að ræða 89.952 aukastöðugjöld, þ.e. ekki greitt nægjanlega í gjaldmæli/**aukaleigugjald** og 30.696 stöðubrotagjöld, þ.e. þegar lagt er ólöglega s.s á gangstétt, stæði hreyfihamlaðrar o.s.frv.

... og þar sem um er að ræða leigu en ekki sekt er kostnaðurinn frádráttarbær frá tekjum

Arður af eigin fé

- Arður af eigin fé er hagnaður af rekstri. Yrði leyft að draga hann frá tekjum væri hagnaður undanþeginn skatti
- Skoðið mál Almennu lögmannsstofunnar

Starfsmannabifreiðar

- Hvernig ber að túlka orðin: „Kostnað við rekstur fólksbifreiða ...“
- Tekur það bæði til breytilegs kostnaðar og fasts kostnaðar eða eingöngu til breytilegs kostnaðar?
- Er þetta allur rekstrarkostnaður bifreiðarinnar nema fyrning

Lesefni

- Umfjöllun um atvinnurekstrarhugtakið, rekstrarkostnað og fyrnanlegar eignir byggist á bókinni:

SKATTUR Á FYRIRTÆKI

Takk fyrir